

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu

Vegna ársins 2019



Vörður tryggingar hf.

Efnisyfirlit

Samantekt	3
A. Rekstur og afkoma félagsins.....	5
A.1 Rekstur félagsins	5
A.2 Afkoma af vátryggingastarfsemi	6
A.3 Fjárfestingar	8
A.4 Annar rekstur	11
A.5 Aðrar upplýsingar	11
B. Stjórnkerfi Varðar.....	12
B.1 Almenn yfirlit um stjórnkerfið	12
B.2 Kröfur um viðeigandi þekkingu og hæfni	18
B.3 Áhættustýring og ORSA	19
B.4 Innra eftirlit.....	21
B.5 Innri endurskoðun	22
B.6 Tryggingastærðfræðingur.....	23
B.7 Útvistun.....	25
B.8 Aðrar upplýsingar	26
C. Áhættusnið	27
C.1 Vátryggingaráhætta.....	27
C.2 Markaðsáhætta.....	27
C.3 Mótaðilaáhætta	29
C.4 Lausafjáráhætta.....	30
C.5 Rekstraráhætta	30
C.6 Aðrar mikilvægar áhættur	31
C.7 Aðrar upplýsingar	32
D. Virði og verðmat skv. Solvency II	33
D.1 Eignir	33
D.2 Vátryggingaskuld	34
D.3 Aðrar skuldbindingar.....	36
D.4 Aðrar verðmatsaðferðir	36
D.5 Aðrar upplýsingar	36
E. Eiginfjárstýring	37
E.1 Eigið fé - Gjaldþol	37

E.2 Gjaldpolskrafa SCR og lágmarksgjaldpól MCR	38
E.3 Notkun á „duration-based equity risk sub-module“ við útreikning gjaldpolskröfu.....	40
E.4 Mismunur á staðalformúlu (Standard formula) og eigin líkana (internal model).....	40
E.5 Vanefndir á lágmarksgjaldpóli (MCR) og gjaldpolskröfu (SCR).....	40
E.6 Aðrar upplýsingar	40
Niðurlag	41

Samantekt

Vörður tryggingar hf., (hér eftir „Vörður“ eða „félagið“) hefur tekið saman eftirfarandi skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu vegna rekstrarársins 2019. Skýrslan (e. *Solvency and Financial Condition Report*) er gerð með vísan til laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2006 og með vísan til Guidelines on system of Governance. Í skýrslunni er gerð grein fyrir helstu breytingum sem hafa orðið á árinu 2019. Vörður líftryggingar hf. (hér eftir „Vörður líftryggingar“) er dótturfélag Varðar en allri daglegri starfsemi þess er útvistað til móðurfélagsins og stjórnskipulag Varðar líftrygginga endurspeglast því í stjórnskipulagi Varðar. Í skýrslunni er fjallað efnislega um Vörð á samstæðugrunni þar sem það á við en greint er frá hvoru félagi fyrir sig eftir því sem þurfa þykir.

Vörður tryggingar hf. er alhliða váttryggingafélag sem býður þægilegar tryggingalausnir á samkeppnishæfu verði fyrir einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki.

Árið 2019 var gott ár í rekstri Varðar. Vöxtur í viðskiptavinahópi félagsins hefur verið mjög mikill á undanförunum árum og var meðvitað ákveðið að hægja um stundarsakir heldur á markaðssókn og leggja þess í stað áherslu á umbætur í þjónustu og þjónustulausnum. Gerðar voru veigamiklar breytingar á skipulagi starfseminnar með það að leiðarljósi að einfalda öll samskipti viðskiptavina við starfsfólk, skipulag húsnæðis í Borgartúni tók miklum breytingum og fellur nú ákaflega vel að þeim áherslum sem mótaðar hafa verið í þjónustu. Þá má nefna að ný sameiginleg þjónustuskrifstofa Varðar og Arion var opnuð á Glerártorgi á Akureyri undir lok árs.

Margvíslegar umbætur litu dagsins ljós á árinu, nýjar stafrænar lausnir voru kynntar án þess þó að nokkru hafi verið fórnað þegar kemur að gæðum þjónustu starfsfólks. Leiðarljós Varðar þegar kemur að þjónustu til næstu ára er „stafræn en mannleg“ en félagið ætlar að með öðrum orðum að vera í fremstu röð þegar kemur að stafrænum lausnum en að sama skapi verður sterk sveit starfsfólks til staðar þegar viðskipavinir þurfa á stuðningi og ráðgjöf að halda.

Á liðnu ári var haldið áfram að þróa starfsemi Varðar til samræmis við niðurstöður stefnumótunarvinnu sem lokið var við á vormánuðum 2018. Í þeirri vinnu voru fimm meginstraumar skilgreindir sem áherslur í starfinu til næstu ára. Þeir eru, þróun stafrænna þjónustulausna, gagnadrifinn rekstur, stöðugar umbætur í mannauði og menningu og fullnýting þeirra tækifæra sem felast í eignarhaldi Arion á Verði. Fimmti straumurinn er lýtur að viðskiptavininum að hann sé ávallt í öndvegi. Sá straumur miðar að stöðugum umbótum í þjónustu, að stöðugt sé leitað leiða til að bæta upplifun og stöðu viðskiptavina. Árangur í fjórum fyrrnefndu straumunum mun síðan með einum eða öðrum hætti einnig bæta hag viðskiptavina.

Rekstur gekk vel á liðnu ári þó ávallt séu áskoranir og viðfangsefni sem takast þarf á við. Það er ákaflega mikilvægt að þær þrjár meginstöðir sem reksturinn byggir á, skaðatryggingar, persónutryggingar og fjármálastarfsemi skili að jafnaði jákvæðri afkomu. Afkoma af skaðatryggingarekstri var áfram í járnum þó hún hafi heldur batnað á milli ára en líf- og persónutryggingastarfsemin gekk vel. Það er krefjandi og viðvarandi verkefni að ná jafnvægi í afkomu ökutækjatrýgginga en samfara hækkanði launum á undangengnum árum hefur uppgjörskostnaður vegna slysa hækkað mikið. Þar sem það er bein fylgni á milli hækkunar launa og uppgjörskostnaður vegna ökutækjaslysa hefur launahækkun undanfarinna ára leitt af sér mikinn útgjaldaauka. Þá er einnig umtalsvert kostnaðarsamara að gera við þá bíla sem búnir eru nútíma tækni- og tölvubúnaði.

Afkoma af fjármálastarfsemi var einkar góð og reyndar vel umfram þær áætlanir sem gerðar höfðu verið fyrir árið. Það er jákvætt en engu að síður er mikilvægt að afkoma af kjarnastarfsemi, það er tryggingastarfseminni, skili á hverjum tíma góðri niðurstöðu.

Niðurstöður ORSA, eigin áhættu- og gjaldþolsmat félagsins sem framkvæmt var á tímabilinu, kalla ekki á breytingar á stjórnkerfinu. Félagið gerir ráð fyrir óbreyttu áhættusniði í grunninn. Vörður mætir þeim gjaldþolskröfum sem til þess eru gerðar og mun, samkvæmt niðurstöðum ORSA, gera það næstu þrjú árin. Félagið stóðst jafnframt þau álagspróf sem gerð voru. Markmið Varðar er að tryggja að nægt eigið fé sé til staðar á hverjum tíma til að standast kröfur um gjaldþol (SCR) og lágmarksgjaldþol (MCR) með hæfilegu öryggisálagi. Fylgst er með þróun gjaldþols- og lágmarks gjaldþolshlutfalls að minnsta kosti ársfjórðungslega og brugðist við stöðunni eins og þurfa þykir.

Gjaldþol og fjárhagsleg staða

Gjaldþol Varðar í lok árs 2019 er 144% sem er heldur lægra en á fyrra ári, en niðurstaðan er í samræmi við áhættuvilja félagsins. Helstu lykiltölur áranna 2019 og 2018 eru eftirfarandi:

Þús.kr.	2019	2018
Eignir skv. Solvency II mati	24.719.260	21.409.462
Vátryggingaskuld skv. Solvency II mati	16.456.620	14.484.229
Aðrar skuldir	<u>1.153.123</u>	<u>753.644</u>
Eignir umfram skuldir	7.109.517	6.171.589
Arðgreiðsla	500.000	450.000
Gjaldþol (SCR)	6.609.517	5.721.589
Gjaldþolskrafa SCR	4.579.606	3.860.430
Lágmarksgjaldþolskrafa MCR	2.502.189	2.232.629
Gjaldþolshlutfall SCR	144%	148%
Lágmarksgjaldþolshlutfall MCR	256%	322%

Skýrsla þessi byggir á viðmiðunarreglum EIOPA um skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda og opinbera upplýsingagjöf. Til fyllingar viðmiðunarreglum þessum var horft til laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi, Solvency II tilskipunarinnar 2009/138/EC, reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2015/35 með viðauka, ásamt tæknistöðlum (e. implementing technical standards) 2015/2452.

Í skýrslunni er stjórnkerfi Varðar gerð nokkuð ítarleg skil. Vísað er í fylgiskjöl eftir því sem við á og þegar vísað er í Solvency II skýrslu er átt við skýrslu sem skilað er til Fjármálaeftirlitsins

Skýrslan miðast við áramótastöðu 2019 og með „tímabili“ er átt við tímabilið 01.01.2019–31.12.2019.

A. Rekstur og afkoma félagsins

A.1 Rekstur félagsins

Vörður tryggingar hf. er íslenskt hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi á Íslandi samkvæmt eldri lögum um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994, núgildandi lög nr. 100/2016 og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, samanber lög nr. 87/1998. Váttryggingafélög flokkast undir það sem telst eining tengd almannahagsmunum í skilningi laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun sem og ársreikningalaga nr. 3/2006. Endurskoðendur ársreiknings 2019 voru Deloitte ehf., samkvæmt ákvörðun aðalfundar í mars 2019. Starfsemi Varðar er eingöngu á Íslandi og er aðsetur félagsins að Borgartúni 25 í Reykjavík en það rekur jafnframt starfsstöðvar að Krossmóum 4 í Reykjanesbæ og á Glerártorgi á Akureyri. Í árslok 2019 störfuðu 103 starfsmenn hjá Verði í 98,7 stöðugildum samanborið við 87,3 í árslok 2018. Fjölgun stöðugilda milli ára er því um 6%.

Vörður er í eigu Arion banka hf. sem á allt hlutafé félagsins utan einn hlut sem er í eigu Varðar líftrygginga hf.

Vörður er móðurfélag Varðar líftrygginga og á allt útgefið hlutafé í félaginu utan tvo hluti sem eru í eigu Arion banka. Bæði félögin, Vörður og Vörður líftryggingar, hafa sjálfstæða stjórn en dagleg starfsemi líftryggingafélagsins er í umsjón Varðar samkvæmt sérstökum útivistunarsamningi og nær þjónustan til allra þátta í rekstri Varðar líftrygginga, þar á meðal lykilstarfsviða samkvæmt Solvency II og innra eftirlits.

Aðalstarfsemi Varðar felst í váttryggingarekstri og fjárfestingum en félagið býður váttryggingar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki á Íslandi.

Eftirfarandi þættir eru megin starfsþættir í rekstri samstæðu Varðar:

- Skaðatryggingar
- Líftryggingar
- Fjármálastarfsemi

Starfsemi Varðar gekk vel árið 2019 líkt og undanfarin ár og var reksturinn stöðugur og traustur. Hagnaður samstæðunnar nam 2.162 m.kr. fyrir tekjuskatt en var 1.558 m.kr. árið áður. Að teknu tilliti til skatta var hagnaður ársins 1.816 m.kr. samanborið við 1.246 m.kr. árið áður. Góð afkoma skýrist helst af mjög góðum fjárfestingatekjum en aðstæður á verðbréfamarkaði voru hagfelldar á árinu. Rekstur líftryggingafélagsins gekk vel og var afkoman af váttryggingastarfseminni almennt jákvæð fyrir utan ökutækjatrýggingar sem reknar voru með tapi eins og undanfarin ár, þrátt fyrir að tíðni tjóna hafi farið lækkandi.

Hlutdeild Varðar á váttryggingamarkaði hefur aukist jafnt og þétt á liðnum árum og er ánægjulegt hversu vel einstaklingar og fyrirtæki hafa tekið félaginu sem ferskum valkosti á rótgrónum markaði. Fjöldi viðskiptavina samstæðunnar voru um 60 þúsund í árslok 2019. Áhersla Varðar á mikil gæði innra starfs og úrvals þjónustu við viðskiptavinum hefur skilað félaginu þessum góða árangri.

Iðgjöld ársins jukust um 9% milli ára og námu 11.779 m.kr. samanborið við 10.844 m.kr. árið 2018. Tjón ársins sem námu 8.376 m.kr. jukust hlutfallslega minna eða um 7% milli ára. Fjárfestingatekjur námu 1.544 m.kr. og hækkuðu um 72% milli ára og skilaði eignasafnið mjög góðri ávöxtun. Rekstrarkostnaður var 2.574 m.kr. og hækkaði um 16% frá árinu áður. Kostnaðarhlutfall var 19,9% samanborið við 18,3% árið 2018.

Samsett hlutfall, sem er skilgreint sem tjóna- og rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum, var 93,1% samanborið við 92,3% árið 2018.

Eftirfarandi tafla sýnir starfspáttayfirlit samstæðunnar fyrir árið 2019:

2019	Skaða- tryggingar	Persónu- tryggingar	Fjármála- starfsemi	2019 Samtals
Eigin iðgjöld	9.487.586	1.888.714	0	11.376.300
Fjáreignartekjur	439.857	80.509	1.023.272	1.543.638
Aðrar tekjur	30.093	19.265	0	49.358
Heildartekjur starfspáttá	9.957.536	1.988.488	1.023.272	12.969.296
Eigin tjón	(7.721.054)	(499.770)	0	(8.220.824)
Rekstrarkostnaður	(1.791.482)	(597.116)	(197.508)	(2.586.106)
Rekstrarafkoma starfspáttá	445.000	891.602	825.764	2.162.366
Tekjuskattur	(49.502)	(177.747)	(119.115)	(346.364)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins	395.498	713.855	706.649	1.816.002

Sambærilegar tölur fyrir árið 2018 má sjá í eftirfarandi töflu:

2018	Skaða- tryggingar	Persónu- tryggingar	Fjármála- starfsemi	2018 Samtals
Eigin iðgjöld	8.635.172	1.823.457	0	10.458.629
Fjáreignartekjur	508.592	103.111	284.651	896.354
Aðrar tekjur	34.849	26.596	0	61.445
Heildartekjur starfspáttá	9.178.613	1.953.164	284.651	11.416.428
Eigin tjón	(7.189.669)	(448.177)	0	(7.637.846)
Rekstrarkostnaður	(1.512.528)	(533.807)	(174.028)	(2.220.363)
Rekstrarafkoma starfspáttá	476.416	971.180	110.623	1.558.219
Tekjuskattur	(60.481)	(199.556)	(52.582)	(312.619)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins	415.935	771.624	58.041	1.245.600

A.2 Afkoma af váttryggingastarfsemi

Skaðatryggingarekstur

Iðgjöld ársins hjá Verði námu 9.764 m.kr. árið 2019, eins og sjá má í töflunni að neðan, en voru árið á undan 8.893 m.kr. Iðgjaldaaukningin nam 9,8% milli ára og helgast hún fyrst og fremst af hækkuðum meðaliðgjalds þar sem fjöldi viðskiptavina var stöðugur á árinu.

Váttryggingaleg afkoma Varðar batnaði milli áranna 2018 og 2019. Tjónshlutfallið, þ.e. hlutfall tjóna af iðgjöldum, lækkaði úr 82,2% í 80,2% og samsett hlutfall, þ.e. hlutfall tjóna- og rekstrarkostnaðar af iðgjöldum, lækkaði úr 100,4% í 99,8%. Ljóst er að hlutfallið er enn of hátt, en það er þó jákvætt að árangur hafi náðst til að nálgast langtímamarkmið félagsins, sem er að samsett hlutfall sé í kringum 95%.

Ekki urðu nein óvænt veruleg frávik hvað iðgjöld varðar og í raun ekki heldur hvað tjón varðar, helst þó í slysa- og sjúkratryggingum, sem nánar verður komið að hér að neðan.

Eignatryggingar

lðgjöld eignatrygginga hækkuðu um 8,1% og tjón lækkuðu um 17,9% milli ára. Tjónshlutfall lækkaði því úr 66% í 50%, sem er óvenju góð niðurstaða.

Sjótryggingar

lðgjöld sjótrygginga hækkuðu um 25,4% milli ára, sem skýrist af auknum farmtryggingum en flokkurinn er lítill og viðkvæmur fyrir sveiflum. Tjónshlutfall lækkaði hins vegar úr 122,6% í 87% sem skýrist að mestu af einu stóru sjótjóni sem varð 2018, sem hækkaði tjónshlutfall verulega það ár, en ekkert stórtjón varð árið 2019.

Lögbundnar ökutækjatryggingar

lðgjöld lögbundinna ökutækjatrygginga hækkuðu um 7% milli ára. Aukningin er tilkominn vegna hækkunar meðaliðgjalds. Tjónshlutfall hækkaði úr 92,1% 2018 í 94,9% 2019. Er sú niðurstaða nokkur vonbrigði þar sem stöðugt er unnið að því að bæta tjónshlutfall þessarar greinar. Hlutfallið er því enn óásættanlegt og ekki í samræmi við markmið félagsins.

Frjálsar ökutækjatryggingar

lðgjöld frjálsra ökutækjatrygginga hækkuðu um 9,5% milli ára, sem er nokkuð meira en lögbundnu ökutækjatryggingarnar hækkuðu. Skýringin liggur að mestu í fjölgun nýrra bíla á markaði, sem leiðir bæði til þess að fleiri bílar eru kaskótryggðir og hækkunar meðaliðgjalda þar sem nýir bílar eru dýrari í kaskótryggingu. Tjónshlutfall batnaði lítillega milli ára, en það var 83,9% í saman borið við 82% árið 2019. Enn er verk að vinna í þessari grein þar sem hlutfallið er ekki í samræmi við markmið félagsins.

Ábyrgðartryggingar

lðgjöld ábyrgðartrygginga hækkuðu um 12,5% milli ára á meðan tjónin hækkuðu um 5,5%. Það leiddi til þess að tjónshlutfall var 50,9%, samanborið við 54,3% 2018, sem er mjög góð niðurstaða. Áfram verður þó fylgst með þróun þessarar greinar þar sem miklar sveiflur geta verið á afkomu.

Slysa- og sjúkratryggingar

lðgjöld slysa- og sjúkratrygginga hækkuðu um 21,9% milli ára. Stór hluti skýringar er að félagið tók á miðju ári 2019 yfir kortatryggingar fyrir Landsbankann. Tjón hækkuðu um 47% og því versnaði tjónshlutfallið mikið milli ára, fór úr 64% í 77%. Flokkurinn er sveiflukenndur þar sem nokkuð stór tjón geta orðið, aðallega í slysatryggingu sjómanna.

Skaðatryggingar samstæðunnar árið 2019 koma fram í eftirfarandi töflu:

	Eigna- tryggingar	Sjó- tryggingar	Lögbundnar ökutækja- tryggingar	Frjálsar ökutækja- tryggingar	Ábyrgðar- tryggingar	Slysa & sjúkra- tryggingar	Samtals
2019							
lðgjöld ársins	1.845.278	304.817	4.499.648	1.635.475	422.673	1.056.223	9.764.114
Tjón ársins	(924.965)	(266.358)	(4.269.662)	(1.341.832)	(215.179)	(814.454)	(7.832.450)
Rekstrarkostnaður	(413.832)	(26.872)	(859.912)	(286.637)	(75.242)	(128.987)	(1.791.482)
Hluti endurtryggjenda	(118.402)	2.730	(18.674)	(8.862)	(22.339)	415	(165.132)
Fjármunatekjur og umboðslaun	52.402	3.227	299.739	48.372	24.364	41.846	469.950
Afkoma fyrir tekjuskatt	440.481	17.544	(348.861)	46.516	134.277	155.043	445.000

Sambærilegar tölur fyrir árið 2018 má sjá í eftirfarandi töflu:

2018	Eigna- tryggingar	Sjó- tryggingar	Lögbundnar ökutækja- tryggingar	Frjálsar ökutækja- tryggingar	Ábyrgðar- tryggingar	Slysa & sjúkra- tryggingar	Samtals
Iðgjöld ársins	1.706.500	243.096	4.206.978	1.494.123	375.565	866.318	8.892.580
Tjón ársins	(1.127.056)	(298.079)	(3.874.934)	(1.253.139)	(204.042)	(553.896)	(7.311.146)
Rekstrarkostnaður	(349.394)	(22.688)	(726.013)	(242.005)	(63.526)	(108.902)	(1.512.528)
Hluti endurtryggjenda	(112.268)	31.710	(31.543)	(8.445)	8.333	(23.718)	(135.931)
Fjármunatekjur og umboðslaun	63.477	3.369	339.435	56.344	28.683	52.134	543.442
Afkoma fyrir tekjuskatt	181.259	(42.592)	(86.077)	46.878	145.013	231.936	476.417

Líftryggingarekstur

Iðgjaldavöxtur Varðar líftrygginga nam 3,3% á árinu sem er undir markmiðum og ekki ásættanlegur. Samsett hlutfall var hins mjög gott, eða 60,7%, sem er þó rúmum 5 prósentustigum verra en árið áður, en vel undir markmiðum félagsins.

Vörður líftryggingar selur viðskiptavinum sínum persónutryggingar sem að stórum hluta eru líf- eða heilsutryggingar en einnig afkomutryggingar vegna örorku og slysatryggingar launþega.

Afkoma váttryggingagreina hjá Verði líftryggingum skiptist á eftirfarandi hátt á árunum 2019 og 2018:

Rekstrarstarfspættir	Skaðatryggingar		Líftryggingar		Samtals	
	2019	2018	2019	2018	2019	2018
Iðgjöld ársins	117.702	103.966	1.897.139	1.847.238	2.014.841	1.951.204
Hluti endurtryggjenda	(50.934)	(30.746)	(75.193)	(97.001)	(126.127)	(127.747)
Eigin iðgjöld	66.768	73.220	1.821.946	1.750.237	1.888.714	1.823.457
Fjárfestingatekjur	2.722	3.732	77.787	99.379	80.509	103.111
Þókn.tekjur og ágóðahlutdeild	0	0	19.265	26.596	19.265	26.596
Heildartekjur starfspáttar	69.490	76.952	1.918.998	1.876.212	1.988.488	1.953.164
Tjón ársins	5.588	(23.791)	(549.322)	(496.091)	(543.734)	(519.882)
Hluti endurtryggjenda	4.154	7.113	39.810	64.592	43.964	71.705
Eigin tjón	9.742	(16.678)	(509.512)	(431.499)	(499.770)	(448.177)
Rekstrarkostnaður	(34.729)	(38.167)	(562.388)	(495.640)	(597.117)	(533.807)
Rekstrarafkoma starfspáttar	44.503	22.107	847.098	949.073	891.601	971.180

A.3 Fjárfestingar

Afkoma af fjármálastarfsemi Varðar árið 2019 var jákvæð um 825,8 m.kr. samanborið við 110,6 m.kr. jákvæða afkomu árið 2018. Rekstrarkostnaður af þessum hluta starfseminnar var 197,5 m.kr. en nam 174 m.kr. árið áður. Hagnaður af fjármálastarfsemi var færður til hækkunar á eigin fé samstæðunnar.

Fjárfestingatekjur samstæðunnar námu 1.755 m.kr. og hækkuðu um 72% á milli ára. Eignasafnið skilaði góðri ávöxtun með tilliti til áhættuvilja og líftíma eignasafnsins eða 8,3% nafnávöxtun.

Fjárfestingatekjur eins og þær eru birtar í ársreikningi félagsins vegna síðustu tveggja rekstrarára má sjá í eftirfarandi töflu:


Fjárfestingatekjur	2019	2018	Breyting
Vaxtatekjur sundurliðast þannig:			
Vextir og verðbætur af verðbréfum	668.985	537.053	25%
Vextir og verðbætur af bankainnstæðum	74.576	58.672	27%
Vextir af viðskiptakröfum	165.363	155.670	6%
Vaxtatekjur samtals	908.924	751.395	21%
Fjáreignatekjur sundurliðast þannig:			
Gangvirðisbreytingar fjárfestinga	619.343	140.405	341%
Aðrar tekjur eða gjöld af fjárfestingum	32.907	28.674	15%
Fjárvörslupóknanir	(17.536)	(24.120)	-27%
Fjáreignatekjur samtals	634.714	144.959	338%
Fjárfestingatekjur samtals	1.543.638	896.354	72%

Verðbréfaeignir samstæðunnar námu 19.113 m.kr. í lok árs 2019 sem var 21% aukning frá fyrra ári. Bókfært verð fjáreigna greinist með eftirfarandi hætti:

	2019	2018	Breyting
Skráð skuldabréf	12.316	11.602	6%
Skráð hlutabréf	1.940	1.672	16%
Hlutdeildarskírteini	3.283	1.784	84%
Óskráð skuldabréf	130	175	-26%
Óskráð hlutabréf	371	221	68%
Fagfjárfestasjóðir	1.075	858	25%
Fjáreignir samtals	19.113	15.772	21%


Hlutfallsleg samsetning eignaflokka í eignsafni samstæðunnar er eftirfarandi:

	Verð 01.01.2020	Vægi	Verð 01.01.2019	Breyting	Nafnávxt.	Raunávxt.	Afkoma
Laust fé	2.346	12%	1.486	58%	4%	2%	37
Ríkistryggð skuldabréf	7.493	39%	7.307	3%	7%	4%	472
Skuldabréf sveitafélaga	697	4%	667	5%	9%	6%	65
Sértryggð skuldabréf	3.054	16%	2.363	29%	6%	4%	162
Skuldabréf	2.030	11%	1.635	24%	7%	4%	127
Hlutabréf	3.293	17%	2.709	22%	16%	13%	439
Aðrir fjármálagerningar	200	1%	115	73%	19%	16%	29
Verðbréf samtals	19.113	100%	16.284	17%	8%	5%	1.333



Skráð skuldabréf í Kauphöll Íslands greinast þannig:

	2019	2018	Breyting
Verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs	7.289.260	7.117.775	2%
Sértryggð skuldabréf eða sveitarfélags	3.751.682	3.030.270	24%
Önnur verðbréf	1.272.794	913.903	39%
Skuldabréf skráð í Kauphöll Íslands samtals	12.313.736	11.061.948	11%



A.4 Annar rekstur

Ekki var um aðra meiriháttar starfsemi að ræða hjá Verði utan váttrygginga- og fjármálarekstrar og eru því engar breytingar á milli ára hvað það varðar.

A.5 Aðrar upplýsingar

Hjá félaginu er mikil áhersla lögð á mannauð og menningu en mannauðsstefna félagsins leggur áherslu á samfélagslega ábyrgan rekstur, árangursdrifna menningu, ánægju starfsfólks og þáttum sem stuðla að heilsu og vellíðan en allt þetta vinnur saman að því að gera félagið að eftirsóknarverðum vinnustað. Félagið heldur úti mánaðarlegum vinnustaðagreinungum sem gefa okkur reglulegar upplýsingar og endurgjöf og veita tækifæri til að greina hvar þörf er á úrbótum og umbótum. Félagið mælir meðal annars þætti sem snúa að stjórnun, starfsánægju, þjálfun og þróun, gæði og tengsl sem og helgun starfsmanna svo eitthvað sé nefnt. Jafnréttismál hafa skipað stóran sess, en Vörður var fyrsta fjármálafyrirtækið á Íslandi til að fá jafnlaunavottun árið 2014. Félagið setti sér um leið skýra stefnu, markmið og aðgerðaráætlun til að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af báðum kynjum. Stjórn og framkvæmdarstjórn Varðar er að meirihluta skipuð konum og hlutfall millistjórnenda er nærri því að vera jafnt. Á árinu 2019 hlaut Vörður Jafnvægisvog FKA. Vörður var valið Fyrirtæki ársins í könnun VR 2019 og fékk þar hæstu einkunn fyrir jafnrétti meðal stórra fyrirtækja.

Í takt við umræðu samfélagsins um samþættingu vinnu og einkalífs fór Vörður þá leið í lífsskjarasamningnum að stytta opnunartíma félagsins sem og að minnka vinnuskyldu starfsmanna alla föstudaga. Breytingin mælist vel fyrir og starfsfólk afar sáttt við tilhögun þessa.

Vörður leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð í starfssemi sinni en á árinu 2019 gaf Vörður út í annað sinn sjálfbæriskýrslu, sem er skýrsla um ófjárhagslega þætti. Skýrslan er gefin út samhliða skýrslu stjórnar og ársskýrslu félagsins og er unnin í samræmi við UFS-viðmið Nasdaq með tilvísun í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, GRI og UN Global Compact. Sem hluti verkefna þessu tengt gróðursetti félagið 1.100 tré í nafni framúrskarandi fyrirtækja í viðskiptum en Vörður var einmitt eitt þeirra fyrirtækja árið 2019. Félagið gerði einnig samning um að styrkja framleiðslu þátta sem snúa að samfélagslegri ábyrgð og framleiddir verða fyrir RÚV á árinu 2020. Stór hluti starfsfólks valdi þá leið að gefa jólagjöf sína til Unicef þar sem féð var nýtt til skólamála þar sem neyðin er brýnust. Félagið mun áfram halda uppteknum hætti og vinna ötullega að málum sem snúa að samfélagslegri ábyrgð því það er trú okkar að slík ábyrgð skili enn betri rekstri og jákvæðum áhrifum fyrir fyrirtækið og samfélagið í heild.

B. Stjórnkerfi Varðar

B.1 Almennt yfirlit um stjórnkerfið

Lýsing á stjórnkerfi félagsins

Stjórnkerfi og skipulag Varðar tekur mið af lögum um váttryggingastarfsemi og hlutafélög. Samþykktir Varðar hafa að geyma ýmsar formreglur svo sem um starfsemi félagsins og uppbyggingu. Samþykktir Varðar og Varðar líftrygginga eru að finna á vefsíðu Varðar¹.

Stjórnarhættir Varðar taka mið af lögum um hlutafélög og þeim skyldum sem lagðar eru á váttryggingafélög samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi. Váttryggingafélögum ber samkvæmt lögum að fara eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og samkvæmt staflíð d. í 9. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 teljast váttryggingafélög eining tengd almannahagsmunum. Vörður fylgir þannig leiðbeiningum Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfu 2015. Stjórnarháttum Varðar er lýst í stjórnarháttayfirlýsingu, sem birt er á vefsíðu. Vörður var í fyrsta sinn árið 2019 tilnefnt sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum af Rannsóknarmiðstöð í stjórnarháttum við Háskóla Íslands. Ítarleg úttekt var gerð á haustmánuðum 2018 á stjórnarháttum svo sem starfsháttum stjórnenda, stjórnar og undirnefnda sem skilaði þessari niðurstöðu og tók félagið við viðurkenningunni í mars 2019, Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum. Vörður leggur áfram áherslu á stjórnarhætti og leggur metnað sinn í að verða áfram fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum.

Eins og kveðið er á um í lögum um hlutafélög og samþykktum Varðar fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum félagsins, en þar fara hluthafar með ákvörðunarvald. Arion banki er aðalhluthafi Varðar og fer bankinn með atkvæðavald í samræmi við eignarhlut sinn eða 99,9%. Vörður er aðalhluthafi Varðar líftrygginga og fer með atkvæðavald í samræmi við sinn eignarhlut í félaginu sem er 99,95%. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok mars ár hvert samkvæmt samþykktum þar sem ný stjórn er kjörin fyrir komandi starfsár.

Innra stjórnkerfi Varðar tekur mið af stærð og er byggt upp á stjórn, forstjóra, fjórum framkvæmdastjórum, fjárfestingarráði, öryggisnefnd, gæðastjóra og lykilstarfssviðum það er áhættustýringu, tryggingastærðfræðingi, regluvörslu og innri endurskoðun. Auk þessara aðila er persónuverndarfulltrúi samnýttur með eiganda félagsins, Arion banka. Undir stjórn Varðar starfar endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Forstjóri og framkvæmdastjórar skipa framkvæmdastjórn sem ber ábyrgð á stefnu, sýn og heildarstarfsemi félagsins. Verkefni innan sviða skiptast svo niður á deildir og innan þeirra starfa teymi að einstökum verkefnum. Á tímabilinu var næsta lag stjórnenda styrkt og eru forstöðumenn nú tíu talsins sem falla beint undir framkvæmdarstjórn. Að stjórnun og umbótavinnu félagsins kemur því enn öflugri hópur en áður var. Farið verður betur yfir breytingar á stjórnkerfinu hér síðar í kaflanum **skipulag og breytingar á stjórnkerfi**.

Stjórn

Almennt hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við stefnu og áætlanir, lög og samþykktir og hafa eftirlit með rekstri og ráðstöfun fjármuna. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið þess náist og til staðar sé skilvirkt innra eftirlit, áhættustýring og hlítning við lög og reglur. Stjórn skal tryggja að viðmiðum og lágmarkskröfum um gjaldþol sé ævinlega fylgt og að útreikningar um gjaldþols sé víðeigandi fyrir félagið og niðurstöður gjaldþolsútreikninga séu nýttar í rekstrinum. Þá ber stjórnin jafnframt ábyrgð á því að til staðar sé skýr stefna fyrir félagið, að hún sé þekkt og innleidd í starfseminu alla.

¹ <https://vordur.is/vordur/starfsemi-vardar/stjorn-og-skipulag-vardar/>

Stjórn Varðar er skipuð fimm einstaklingum sem kjörnir eru á aðalfundi ár hvert. Stjórn skiptir með sér verkum og velur stjórnarformann og varaformann á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar. Stjórn setur sér starfsreglur, en félagið hefur sett almennar siðareglur fyrir starfseminu. Stjórn setur sér fundaáætlun fyrir árið sem byggir meðal annars á starfsreglum stjórnarinnar. Stjórnarfundir eru haldnir, samkvæmt starfsreglum, að jafnaði mánaðarlega. Á starfsárinu 2019-2020 voru haldnir ellefu stjórnarfundir. Fundir stjórnar eru boðaðir með fyrirfram ákveðinni dagskrá í samræmi við starfs- og fundaáætlun og fundargögn eru afhent í stjórnarvefgátt² tímanlega fyrir fundi. Haldin er fundargerð um alla fundi stjórnar og þar eru ákvarðanir bókaðar. Að jafnaði sitja stjórnarfundir forstjóri og yfirlögfræðingur sem jafnframt er ritari stjórnar. Framkvæmdastjórn, forstöðumenn og/eða aðrir utanaðkomandi sérfræðingar eru kallaðir inn á stjórnarfundir eftir atvikum og þörfum hverju sinni til að kynna einstök mál á sínum sviðum. Samkvæmt samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar ræður meirihluti niðurstöðu, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Helstu verkefni stjórnar, verkaskipting og ábyrgð eru skilgreind í starfsreglum stjórnar sem eru aðgengilegar á heimasíðu³, en þær byggja á leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórn fer með æðstu málefni félagsins á milli hluthafafunda, með þeim takmörkunum sem leiða af lögum, samþykktum og reglum þess. Í því felst meðal annars til viðbótar það sem að framan greinir að stjórn skuli annast skipulag félagsins og að starfsemin sé jafnan í góðu horfi, auk þess sem hún skal hafa eftirlit með reikningshaldi. Helstu verkefni stjórnar er að hafa eftirlit með starfsemi félagsins og hafa almennt eftirlit með rekstri og stjórnendum þess. Stjórn, í samstarfi við framkvæmdastjórn félagsins, leggur línurnar varðandi stefnu og framtíðarsýn félagsins, setur markmið og skilgreinir áhættuviðmið, bæði til skemmri og lengri tíma. Að auki er eitt meginverkefni stjórnar að sjá til þess að hjá félaginu sé virkt kerfi innra eftirlits, að það sé formlegt og skjalfest, og jafnframt að sjá til þess að félagið starfi í samræmi við lög og reglur. Upplýsingar um stjórnarmenn og stjórnarhætti almennt má finna í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins.

Stjórn metur árlega störf sín með árangursmati stjórnar og setur upp aðgerðir til þess að bæta skilvirkni hennar og þannig tryggja stöðuga þróun og umbætur niðurstaða árangursmatsins er meðal annars að stjórnin telur að hún sé rétt samsett og að í heildina telur hún sig búa yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu til að sinna störfum sínum af kostgæfni.

Stjórn Varðar líftrygginga er skipuð þremur einstaklingum sem kjörnir eru á aðalfundi ár hvert. Stjórn Varðar líftrygginga fundar að jafnaði mánaðarlega samkvæmt starfsreglum sínum og á starfsárinu 2019-2020 fundaði stjórnin ellefu sinnum. Samkvæmt starfsreglum stjórna beggja félaga á stjórn Varðar líftrygginga fulltrúa í bæði endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Starfsreglur Varðar líftrygginga eru samhljóða og umfjöllun um helstu ábyrgðarhlutverk og verkefni stjórnar eru þau sömu og fjallað hefur verið um hér að framan, enda um sjálfstætt félag að ræða.

Undirnefndir stjórnar

Á grundvelli laga nr. 3/2006 um ársreikninga er starfandi **endurskoðunarnefnd** hjá Verði. Nefndin, sem starfar í umboði og á ábyrgð stjórnar, er skipuð þremur aðilum. Árlega skipar nýkjörin stjórn í nefndina til eins árs í senn fyrir komandi starfsár og eigi síðar en innan mánaðar eftir aðalfund. Eins og fram hefur komið eiga fulltrúar beggja stjórna fulltrúa í endurskoðunarnefnd. Þess er gætt

² Rafræn aðgangsstýrð gagnagátt fyrir stjórnarmeðlimi.

³ <https://vordur.is/vordur/starfsemi-vardar/stjorn-og-skipurit-vardar/>

að ávallt sé einn aðili sem uppfyllir þau hæfisskilyrði sem tilgreind eru í 3. mgr. 108. gr. a. laga um ársreikninga um að hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Ef slíkan sérfræðing er ekki að finna í stjórnnum Varðar er sá aðili utanaðkomandi. Endurskoðunarnefndin hélt átta fundi á starfsárinu 2019–2020. Fundirnir voru flestir skipulagðir fyrirfram samkvæmt starfs- og fundaaætlun en að auki voru haldnir sérstakir eftirlitsfundir þar sem tilefni þótti til að kanna einstök mál. Stjórn hefur aðgang að fundargerðum nefndarinnar, sem og að öðrum gögnum sem nefndin fær aðgang að, til að sinna hlutverki sínu. Auk þess skilar nefndin árlegri skýrslu til stjórnar í lok hvers starfsárs. Helstu verkefni endurskoðunarnefndar eru skilgreind í starfsreglum hennar sem finna má á vefsíðu Varðar en þau helstu eru eftirfarandi:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðunar og áhættustýringu
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðandafyrirtækis
5. Setja fram tillögu um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki

Starfskjaranefnd skipuðu á starfsárinu þrír stjórnarmenn, Vörður tryggingar átti tvo fulltrúa og Vörður líftryggingar átti einn fulltrúa. Starfskjaranefnd starfar samkvæmt sínum eigin starfsreglum og endurspeglar verkefni nefndarinnar þau verkefni sem þar eru tilgreind, reglurnar eru birtar á vefsíðu. Helsta verkefni nefndarinnar er samkvæmt starfsreglum að undirbúa ákvarðanir stjórnar um almenna starfskjarastefnu félagsins, um starfskjör forstjóra og stjórnarmanna í samræmi við ákvæði 79. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

Nefndin fundaði þrisvar á starfsárinu. Óbreytt starfskjarastefna var lögð fyrir stjórn og samþykkt á aðalfundi í mars 2019 en hún var allmikið uppfærð árið á undan. Nánar er fjallað um starfskjarastefnu undir sérstökum lið um starfskjarastefnu.

Ekki voru aðrar undirnefndir stjórnar starfandi á árinu 2019.

Stjórnendur

Forstjóri Varðar er ráðinn af stjórn og starfar í hennar umboði. Hann fer með prókúru félagsins og hefur heimildir til að skuldbinda það en útdeilir ábyrgð út frá stöðuumboði sínu. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og skal fara eftir stefnu og fyrirmælum stjórnar. Hann fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins sem ekki eru öðrum falin samkvæmt lögum eða til dæmis í reglum stjórnar. Forstjóri Varðar er jafnframt forstjóri Varðar líftrygginga og ber þannig einnig ábyrgð á daglegum rekstri þess félags. Daglegri starfsemi þess félags er útvestuð til móðurfélagsins Varðar og er forstjóri því eini starfsmaður félagsins og er verkefnum úthlutað til annarra stjórnenda eftir því sem við á.

Framkvæmdastjórn Varðar skipa framkvæmdastjórar fjögurra sviða ásamt forstjóra. Framkvæmdastjórar búa yfir sérþekkingu, fjölbreyttri menntun og starfsreynslu sem nýtist félaginu í allri ákvarðanatöku. Þeir bera ábyrgð hver á sínu sviði og funda að jafnaði vikulega þar sem fundargerðir eru haldnar. Fundirnir eru ætlaðir til upplýsingagjafar þar sem framkvæmdastjórnin fær meðal annars upplýsingar um verkefni innan einstakra sviða ásamt því að samþætta þjónustuframboð félagsins í samræmi við stefnu þess. Á fundunum eru einnig teknar ákvarðanir um rekstrarmál sem geta gengið þvert á sviðin.

Skipulag félagsins byggir á fjórum megin sviðum auk skrifstofu forstjóra; ráðgjöf og þjónusta, tjón og stofnstýring, fjármál og tækni og mannauðssvið.

Ráðgjöf og þjónusta

Ráðgjöf og þjónusta er stærsta svið félagsins og ber það ábyrgð á ráðgjöf, sölu og þjónustu Varðar til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Undir sviðið falla einnig markaðsmál og þróun sem og verkefni Varðar líftrygginga. Umboð, útibú og samstarfsaðilar heyra undir sviðið. Á árinu 2019 var hlutverk forstöðumanna sett inná sviðið og sviðinu um leið skipt upp í þrjú megin verkefni og veita nú þrír forstöðumenn þessum verkefnum forstöðu. *Þróun og markaðsmál* hefur umsjón með markaðs- og kynningarmálum félagsins ásamt ýmis konar ytri og innri rannsóknum. *Einstaklings og fyrirtækjaþjónusta* hefur umsjón með ráðgjöf og þjónustu til nýrra og núverandi einstaklinga og fyrirtækja sem og sinnir sölu félagsins og söluverktökum sem fyrir félagið starfa. Að lokum eru það *líf- og heilsutryggingar* félagsins en þar undir falla verkefni sem snúa að þróun þeirra trygginga, áhættumati, upplýsingagjöf og útgáfu.

Tjón og stofnstýring

Undir svið tjóna og stofnstýringar fellur öll vinnsla tjóna sem og lögfræðistuðningur við úrvinnslu allra tjónamála. Undir sviðið fellur einnig stofnstýringarhlutinn sem innifelur m.a. ábyrgð á endurnýjun vátrygginga, verðlagningu, afkomugreiningum og áhættumati við tryggingatöku, auk gagnavinnslu. Á árinu 2019 var skipulagi sviðsins breytt og tveir forstöðumenn ráðnir inn. Annar ber ábyrgð á tjónavinnslunni og hin stofnstýringarhlutanum. Sérstök áhersla var lögð á að efla gagnavinnslu og hefur það verið megin hlutverk nýs forstöðumanns stofnstýringar að byggja upp og gera félagið meira gagnadrifið.

Fjármál og tækni

Undir Fjármál og tækni heyrir reikningshald, greiðsluþjónusta, upplýsingatæknimál og rekstur félagsins, svo sem rekstur húsnæðis og önnur rekstrarmál auk gæðamála. Reikningshald sér um bókhald og greiðslur, bæði vegna tjóna og kostnaðar, og um ýmis skýrsluskil til eiganda og opinberra aðila. Reikningshald ber ábyrgð á mánaðarlegum uppgjörum og útreikningum ýmissa lykiltalna er varða rekstur. Uppgjörsupplýsingar eru til dæmis sendar stjórn fyrir hvern stjórnarfund. Greiðsluþjónustusvið hefur sér deildarstjóra en helstu verkefni þess eru innheimta iðgjalda. Upplýsingatæknideild hefur sinn forstöðumann en deildin ber ábyrgð á stafrænni þróun og sinnir verkefnum rekstrar og þróunar á sviði upplýsingatækni. Á árinu 2019 var rekstri upplýsingatækniumhverfis félagsins úthýst til Advania, áhersla var lögð á innleiðingu skýjalausna, þróunarteymi félagsins var stóreflt og með því öll eigin hugbúnaðarþróun. Er þessi stefnubreyting í samræmi við stefnumótun samstæðunnar og upplýsingastefnu sem kynnt var á árinu.

Gæðamál falla undir svið fjármála og tækni en þar sinnir gæðastjóri verkefninu. Stýrir hann gæðastarfi félagsins, heldur utan um verkferla í gæðakerfi og sinnir innra eftirliti ásamt framkvæmdastjórum. Gæðaráð er starfandi og ber ábyrgð á gæðastjórnun félagsins. Ákvarðanataka í gæðamálum og ábyrgð á viðhaldi gæðakerfis er á hendi gæðaráðs sem og ákvarðanir varðandi úrbótaverkefni og mat á árangri í gæðamálum.

Gæðastjóri er jafnframt öryggisstjóri en öryggisnefnd er starfandi hjá Verði og ber hún ábyrgð á að stjórna innleiðingu, eftirfylgni og rétttri notkun öryggisreglna í upplýsingatæknimálum. Nefndin er samráðsvettvangur öryggismála hjá félaginu, hún samræmir mótun og stefnu viðmiðunarreglna, gerir tillögur um upplýsinga- og öryggismarkmið, áætlanir og stefnur. Öryggisnefndin ber ábyrgð á fylgni við leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2014 um rekstur

upplýsingatæknikerfa og sér til þess að Vörður uppfylli kröfur tilmælanna með vottun á ISO/IEC 27001:2013.

Mannauðssvið

Mannauðssvið hefur á að skipa einum starfsmanni til viðbótar við mannauðsstjóra. Sviðið starfar þvert á öll svið og heldur meðal annars utan um allar nýráðningar, uppsagnir, hæfnisgreiningar, fræðslu- og þjálfun, auk mála sem snúa að jafnrétti, einelti, siðferði og samfélagslegri ábyrgð. Þá heldur sviðið utan um launa- og kjaramál, orlofsmál, velferð og vinnuvernd starfsmanna, vinnustaðagreiningar og aðrar mælingar og greiningar mannauðsmála. Félagið hefur innleitt mánaðarlegar vinnustaðagreiningar sem og aðrar mánaðarlegar mannauðsmælingar til að fá reglulega upplýsingar um stöðu ýmissa mannauðstengdra mála, verkefna og umbóta.

Skrifstofa forstjóra

Á skrifstofu forstjóra eru auk lykilstarfsviða; forstöðumaður fjárfestinga og forstöðumaður verkefnastofu.

Árið 2019 var skipun lykilstarfsviða með eftirfarandi hætti:

Starfssvið **innri endurskoðunar** er í höndum innri endurskoðunar Arion banka, en starfssviðinu er útvistað með sérstökum útivistunarsamningi. Hlutverk og helstu verkefni eru hefðbundin, það er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu á virkni innra eftirlits félagsins, auk þess að veita ráðgjöf sem er ætlað að bæta starfsemi þess. Reglulega tekur innri endurskoðandi meðal annars út virkni áhættustýringar og regluvörslu, það er fylgni við lög og reglur. Árlega leggur innri endurskoðun fram áætlun, vinnur endurskoðun sína það árið miðað við áætlunina og skilar skýrslu til stjórnar í kjölfarið. Um nánara hlutverk og verkefni innri endurskoðunar er fjallað í kafla B.5.

Starfssviði **tryggingastærðfræðings** hjá Verði er útvistað til TBG ehf., Bjarna Guðmundssonar, sem starfar sem verktaki á grundvelli útivistunarsamnings. Meginverkefni hans eru skilgreind í útivistunarsamningi. Um hlutverk tryggingastærðfræðings er nánar fjallað í kafla B.6.

Áhættustjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Varðar, eftirfylgni áhættustefnu auk upplýsingagjafar til stjórnar og stjórnenda. Meginhlutverk áhættustjóra er að yfirfara og samþykkja mat framkvæmdastjóra á áhættum sem skráðar hafa verið á viðkomandi sviðum. Hann hefur yfirumsjón með árlegu eigin áhættu- og gjaldþolsmati félagsins (ORSA), ásamt Solvency II skýrsluskilum til Fjármálaeftirlitsins.

Yfirlögfræðingur Varðar sinnir **regluvörslu**. Starfssvið regluvörslu felur í sér ráðgjöf til stjórnar um fylgni við lög um váttryggingastarfsemi og reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli á grundvelli þeirra. Regluvörður skal meta áhrif lagabreytinga á starfsemi félagsins og eftir því sem við á, koma á og fylgja og innleiða stefnu stjórnar um reglufylgni. Hann skal einnig meta hlítningaráhættu. Hlutverkinu eru gerð betri skil hér á eftir í kafla B.4. um innra eftirlit.

Forstöðumaður fjárfestinga skipuleggur og ber ábyrgð á umsýslu og ávöxtun eignasafns Varðar (fjárfestingaeignir). Hann tryggir að unnið sé í samræmi við sett markmið og samþykktá fjárfestingarstefnu og er virkur þátttakandi í áhættustýringu Varðar. Fjárfestingarráð er skipað forstjóra, fjármálastjóra og forstöðumanni fjárfestinga. Ráðið fundar reglulega og tekur ákvarðanir um stærri fjárfestingar og áherslur í eignasafninu, svo sem líftíma og verðtryggingarhlutfall. Allar óskráðar fjárfestingar þarf að leggja fyrir fjárfestingarráð til ákvörðunar.


Forstöðumaður verkefnastofu heyrir undir forstjóra eins og að framan greinir og stýrir verkefnastofu hjá félaginu sem formlega var sett á laggirnar með nýju skipuriti á haustmánuðum

2018. Verkefnastofa heldur utan um stærri verkefni, stýrir þeim og tryggir þannig yfirsýn og betri forgangsroðun verkefna.

Stjórnkerfi Varðar

Stjórnkerfi Varða byggir á fjórum sviðum auk skrifstofu forstjóra sem rekin er sem stoðeining. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir helstu ábyrgðarþáttum hvers sviðs og uppbyggingu þeirra.

Skipurit félagsins 2019;



Starfskjarastefna

Starfskjarastefna er í gildi hjá Verði eins og kveðið er á um í hlutafélagalögum nr. 2/1995, sbr. 79. gr. a. og byggir hún á gildum félagsins og reglum um góða stjórnarhætti fyrirtækja. Stefnan tryggir einnig ákveðin réttindi sem fram koma í lögum nr. 10/2008, sbr. 19.-22. gr. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Megininntak starfskjarastefnunnar er að gera það eftirsóknarvert að starfa hjá Verði og skipa félaginu þannig í fremstu röð á íslenskum markaði. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að svigrúm sé til þess að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur sambærilegar við það sem gerist í starfsumhverfi félagsins og skal við ákvörðun um greiðslur horft til umsvifa, ábyrgðar og árangurs en einnig gæta að jafnlaunasjónarmiðum.

Starfskjarastefna er samþykkt árlega á aðalfundi og var því samþykkt af hluthöfum á aðalfundi í mars 2019. Starfskjarastefnan nær til helstu grundvallaratriða hvað varðar starfskjör forstjóra og annarra æðstu stjórnenda. Jafnframt er kveðið á um starfskjör stjórnarmanna en þóknunin skal ákveðin á aðalfundi ár hvert.

Í starfskjarastefnunni er kveðið á um að starfskjör, bæði forstjóra og æðstu stjórnenda, skuli taka mið af menntun, reynslu, hæfni, ábyrgð og umfangi starfsins sem og árangri félagsins og er tilgreint að gengið skuli frá skriflegum ráðningasamningum í öllum tilvikum. Í stefnunni er einnig tilgreint að sérstakar aðstæður geti leitt af sér nauðsyn þess að gera sérstakan starfslokasamning við forstjóra sem getur falið í sér lífeyris- eða starfslokagreiðslur. Almenn gilda hins vegar ákvæði ráðningarsamnings um eftirlaunagreiðslur eða greiðslur vegna starfsloka.

Starfskjarastefnan gerir að lokum ráð fyrir því að stjórn sé heimilt að setja á kaupaukakerfi sem náð geti til allra starfsmanna. Skilyrði er að kaupaukakerfið skuli borið undir hluthafafund til samþykktar áður en það tekur gildi. Ekkert slíkt kerfi er í gildi hjá Verði.

Yfirlit yfir viðskipti við tengda aðila má sjá í eftirfarandi töflu:

Viðskipti við tengda aðila	2019	2018
Sala á váttryggingasamningum og annarri þjónustu:		
Hluthafar og tengd félög	336.063	314.326
Lykilstarfsmenn og stjórnarmenn	25.588	8.106
Samtals	361.651	322.432
Kaup á þjónustu:		
Hluthafar og tengd félög	73.825	33.688
Lykilstarfsfólk og stjórnarmenn	46.672	0
Samtals	120.497	33.688

B.2 Kröfur um viðeigandi þekkingu og hæfni

Í skriflegu verkferli sem Vörður hefur sett sér um ráðningar kemur fram að ávallt er leitast við að ráða hæft starfsfólk með menntun og reynslu er nýtast mun í starfi hjá félaginu. Þar kemur einnig fram að ákvarðanir um ráðningar skulu byggðar á rökum og tryggt að samræmi sé í þeim ákvörðunum. Ferlinu er fylgt, hvort sem ráðið er í stjórnunarstöður eða almenn störf. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á ráðningarmálum í samvinnu við forstjóra og aðra stjórnendur. Starfslýsingar eru til um öll störf og í þeim eru settar fram hæfiskröfur. Settar hafa verið skriflegar reglur þar sem hæfiskröfur stjórnenda og lykilstarfssviða eru útlistaðar, það er til viðbótar við þær almennu starfslýsingar og kröfur sem lög um váttryggingastarfsemi gera ráð fyrir. Löggjöf um váttryggingastarfsemi gerir nokkuð strangar kröfur til hæfis og hæfni þeirra sem starfa hjá váttryggingafélögum og í samræmi við kröfur laga hefur þannig verið sett verklag sem byggir á stefnu stjórnar um hæfi og hæfni stjórnar og lykilstarfsmanna. Í 41. gr. laga nr. 100/2016 er kveðið á um ákveðin hlutlæg skilyrði um hæfi. Þar er gerð krafa um að forstjóri, stjórnarmenn og þeir sem gegna lykilstöfum uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- Nægileg menntun, þekking og reynsla til að geta sinnt starfinu á tilhlýðilegan hátt
- Gott orðspor

Vörður hefur til viðbótar skilgreint alla framkvæmdastjóra sem lykilstarfsfólk. Lögin gera kröfu um að þeir sem gegna þessum hlutverkum séu á hverjum tíma hæfir til að sinna þeim samanber. 41. gr. laganna sbr. jafnframt reglur nr. 285/2018 um framkvæmd hæfismats forstjóra, stjórnarmanna og starfsmanna sem ábyrgð bera á lykilstarfssviðum.

Á árinu 2019 voru til viðbótar við þessar hæfiskröfur innleidd í starfsemina ný lög um dreifingu váttrygginga nr. 62/2019 en þau lög gera auknar kröfur til þeirra aðila sem veita ráðgjöf, miðla og dreifa váttryggingum. Í þeim lögum er ennfremur gerð krafa um það að starfsfólk sé á hverjum tíma hæft og að þekking þeirra sé viðhaldið með að lágmarki fimmtán klukkustunda fræðsluskyldu á ári hverju. Verkferlar voru því innleiddir með tilliti til þessara breytinga á árinu.

Við ráðningar er ávallt litið til þess hvort nægjanleg fjölbreytni menntunar og reynslu sé til staðar til þess meðal annars að hægt sé að tryggja sem best aðgreiningu starfa. Að auki eru fyrirbyggjandi starfslýsingar rýndar og þess vel gætt að hæfiskröfur sem þar koma fram séu uppfylltar. Fræðsluáætlun miðar að því að þekkingu og hæfi starfsmanna sé viðhaldið í samræmi við kröfur.

B.3 Áhættustýring og ORSA

Áhættustýring er eitt af lykilsviðum starfseminnar og heyrir samkvæmt skipuriti undir skrifstofu forstjóra sem sjálfstæð og óháð eining. Áhættustýring ber ábyrgð á samhæfðri áhættustýringu samstæðunnar, eigin gjaldþols- og áhættumati (ORSA), innra eftirliti og gjaldþolsútreikningum. Þá er áhættustýring ráðgefandi fyrir stjórn um áhættuvilja og stefnumótun.

Vörður og Vörður líftryggingar hafa sett sér stefnu um áhættustýringu með vísan til 4. mgr. 39. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, auk leiðbeinandi tilmæla EIOPA svo sem *Guidelines on system of governance*. Stefnan var endurskoðuð, uppfærð og samþykkt af stjórn í október 2019. Í stefnunni kemur fram hvernig áhættustýringu félagsins er háttað. Áhætta hefur verið skilgreind sem líkurnar á því að atvik verði sem kemur í veg fyrir að félagið nái markmiðum sínum. Markmið og tilgangur stefnunnar er skilgreindur ásamt hlutverki og ábyrgð þeirra sem koma að framkvæmd og eftirliti áhættustýringar. Í stefnunni er farið yfir helstu áhættuþætti, áhættustýringu og eftirlit með áhættum. Þá er tekið á skýrslu- og upplýsingagjöf ásamt endurskoðun stefnu. Áhættuvilji stjórnar kemur fram í sérstöku yfirliti þar sem markmið og vikið eru tilgreind, samanber viðauka I við stefnuna. Fjallað er sérstaklega um hvern áhættuþátt í öðrum stefnum stjórnar.

Áhættumat fer fram tvisvar á ári. Áhættunefnd, skipuð framkvæmdastjórn, forstöðumanni fjárfestinga, regluverði og áhættustjóra, greinir helstu áhættuþætti samstæðunnar, metur þá og innleiðir aðgerðir til að fylgjast með þeim. Tilgangurinn er að fyrirbyggja að atvik verði sem komi í veg fyrir að markmið hennar náist. Áhættustýring viðheldur einnig eftirliti og reglum með það að markmiði að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða.

Vörður skilgreinir áhættuvilja félagsins, meginmarkmið og þolmörk. Ársfjórðungslega eru teknar saman upplýsingar um raunstöðu og bornar saman við áhættuviljann og fyrri ársfjórðunga. Skýrslurnar eru kynntar stjórn, endurskoðunarnefnd og framkvæmdastjórn félagsins.

Samhæfð áhættustýring (ERM⁴) hefur verið innleidd með það að leiðarljósi að tilgreina, meta, mæla og stýra áhættu félagsins. Helstu áhættuþættir hafa verið skilgreindir og eftirlit með þeim sömuleiðis. Vörður hefur sett mælikvarða fyrir tíðni og áhrif hvers áhættu. Með mælikvörðunum fæst flokkun á mikilvægi hvers áhættu, það er kvörðun frá litlum áhættum upp í stórar áhættur sem geta haft afgerandi áhrif á rekstrarhæfi félagsins. Lögð er áhersla á að áhættustýring og innra eftirlit sé formlegt og gætt að skráningu og rekjanleika. Haldið er utan um samhæfða áhættustýringu í sérstöku kerfi en skráning og mat fer fram tvisvar á ári. Kerfið heldur utan um skjölun á því hvenær áhættur voru síðast yfirfarnar og metnar af eiganda áhættu og áhættustjóra. Matið er skráð ásamt því að haldið er utan um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til, eða til stendur að innleiða, til að lágmarka viðkomandi áhættu. Aðgerðirnar eru tímasettar þannig að auðvelt er að fylgjast með framvindu þeirra og eftirfylgni. Í lok hvers yfirferðar er gefinn út skýrslupakki sem inniheldur lýsingu á áhættu og breytingu frá fyrra mati, mælaborð sem sýnir alvarleika áhættunnar og fyrirbyggjandi aðgerðir og loks yfirlit yfir nýjar og útrunnar áhættur. Þar að auki er gefinn út tímasettur aðgerðalisti yfir þær aðgerðir sem ákveðið er að fara í. Niðurstöður hvers áhættumats eru kynntar og ræddar af áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og stjórnnum félaganna

⁴ Enterprise Risk Management

ORSA

Vörður hefur sett sér stefnu um eigin áhættu- og gjaldþolsmat, ORSA. Stefnan var endurskoðuð, uppfærð og samþykkt af stjórn í maí 2019. Matið fer fram árlega með aðkomu framkvæmdastjórnar og lykilstarfsmanna ásamt endurskoðunarnefnd og stjórnnum félaganna, Varðar og Varðar líftrygginga. Að mati loknu er skýrslu þar um skilað til stjórnar og Fjármálaeftirlitsins. Við áhættu og gjaldþolsmat er leitast við að meta áhættur sem kunna að steðja að félaginu. Horft er á fjárhagsþörf samstæðunnar og undirliggjandi félaga, Varðar og Varðar líftrygginga, út frá ýmsum mögulegum sviðsmyndum þar sem ein tiltekin áhætta kemur upp eða fleiri samtímis. Horft var til leiðbeinandi tilmæla EIOPA um eigin áhættu- og gjaldþolsmat váttryggingafélaga og viðeigandi áhættuþættir metnir. Megináhersla er lögð á áhættur sem skilgreindar hafa verið sem lykiláhættur, þ.e. váttryggingaráhættu og markaðsáhættu. Jafnframt er leitast við að meta hvaða áhættur geti skarast eða verið samverkandi.

Áhættur eru metnar út frá ýmsum sviðsmyndum og viðbótarfjármagn eða áhættuálag metið eftir því hve áhættan er mikil. Gjaldþol félagsins er metið út frá fjárhagslegri stöðu og að teknu tilliti til áhættuþátta. Solvency II útreikningur miðað við árslok 2018 er grunnur að síðasta ORSA mati sem nær til næstu þriggja ára og framkvæmt var á tímabilinu. Næsta ORSA mat er fyrirhugað á öðrum ársfjórðungi þessa árs.

Áhættumatið felst í því að tilgreina, meta og mæla áhættur félagsins og finna leiðir til að lágmarka þær og stýra. Þeir áhættuþættir sem horft er til eru:

- Váttryggingaráhætta - Lykiláhætta
- Markaðsáhætta - Lykiláhætta
- Mótaðilaáhætta
- Samþjöppunaráhætta
- Lausafjáráhætta
- Rekstraráhætta
- Orðsporsáhætta
- Stefnumótunaráhætta
- Eiginfjáráhætta
- Samstæðuáhætta
- Samverkandi áhættur

Á grundvelli stefnumótunar stjórnar, meðal annars um gjaldþol, eigið fé og arðgreiðslur, er áhættuvilji stjórnar rammaður inn og notaður sem leiðarvísir fyrir stjórnendur í sínum daglegu störfum. Niðurstöður áhættustýringar og ORSA matsins veita stjórn og stjórnendum upplýsingar um áhættusnið félaganna og fjárhagsstöðu og eru því nýttar við ákvarðanatöku við almennan rekstur og stefnumörkun. Stjórn Varðar leiðir þetta verkefni og staðfestir niðurstöður þess í lokin. Niðurstaða ORSA 2019 er að fjárhagslegur styrkur félaganna og samstæðunnar í heild sé nægjanlega mikill til næstu þriggja ára, þrátt fyrir áföll, þannig að ekki er þörf á frekari fjármögnun. Sjá blaðsíðu 6-7 í ORSA skýrslu samstæðu 2019. Komi hins vegar til frekari áfalla og félögin/samstæðan stæðust ekki lágmarkskröfur um gjaldþol, ættu þau ýmsa möguleika til að rétta sig af, svo sem með því að draga úr áhættu, víkja frá arðgreiðslum, útgáfu víkjandi láns eða með hlutafjárauðningu.

B.4 Innra eftirlit

Innra eftirlit er viðvarandi kerfi sem hefur þann tilgang að veita hæfilega vissu um að félagið nái eftirtöldum markmiðum:

- Árangur og skilvirkni í starfseminni
- Áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar
- Hlítning við lög og reglur

Stjórn hefur sett stefnu um innra eftirlit og er skilgreiningin eftirfarandi:

„Allt það ferli sem stuðlar að því að fyrirtækið nái settum markmiðum sínum“.

Kerfi innra eftirlits samanstendur af stefnu stjórnar, innri verklagsreglum, fyrirbyggjandi aðgerðum, úttektum, skýrslum og gagnsærri upplýsingagjöf sem gerir kleift að greina, mæla og meta áhættur í rekstri Varðar. Horft er til innra eftirlitslíkans COSO teningsins og innra eftirliti skipt í fimm meginþætti sem ná til allra starfsemissþátta félagsins; eftirlitsumhverfis, áhættumats, eftirlitsaðgerða, upplýsinga og samskipta og stjórnendaeftirlits. Þessir fimm meginþættir þurfa að vera til staðar og virka til að innra eftirlit sé virkt og áhrifaríkt. Saman mynda þeir eina samþætta heild og draga úr líkum á að Vörður nái ekki markmiðum sínum. Hér verður fjallað nánar um hvern þátt í innra eftirliti Varðar:

Eftirlitsumhverfi: Felur í sér stjórnarhætti og stjórnskipulag félagsins og viðhorf stjórnenda til innra eftirlits og mikilvægi þess. Stjórnendur skulu sjá til þess að annað starfsfólk vinni samkvæmt lögum sem um starfsemina gilda, uppfylli skyldur gagnvart eftirlitsaðilum og séu almennt vel upplýstir um hlutverk sín og ábyrgð.

Áhættumat: Stjórnendur og lykilstarfsfólk skulu hálfárslega greina áhættuþætti í rekstrinum og setja sér áhættuviðmið. Átt er við mat á áhættuþáttum, líkum á að tjón hendi og á því að tiltekin áhætta valdi áföllum í rekstri og mat á því tjóni sem áfall getur valdið. Stjórnendur skulu vera meðvitaðir um áhættustöðu félagsins og aðgerðir til að stjórna helstu áhættuþáttum. Áhættustýring félagsins skal samræmast þeim lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Eftirlitsaðgerðir: Stjórnendur og lykilstarfsfólk skulu sjá til þess reglulega, sem þáttur í daglegri starfsemi, að framkvæma prófanir á verkferlum, verklagsreglum, aðgreiningu starfa og skilgreiningu heimilda. Stjórnendur og lykilstarfsfólk skulu uppfæra og endurmeta verklagsreglur reglulega meðal annars með tilliti til lagalegra þátta og vinnulags á hverjum tíma. Hver stjórnandi skal bera ábyrgð á verkferlum á sínu sviði og að úttektir séu reglulega framkvæmdar.

Upplýsingar og samskipti: Fela í sér viðeigandi, rétta og tímanlega upplýsingagjöf sem auðveldar stjórnendum að taka ákvarðanir og miðla upplýsingum til hagsmunaaðila. Stjórnendur og annað lykilstarfsfólk skulu miðla upplýsingum á skýru formi til starfsmanna og tryggja að upplýsingakerfi félagsins séu til þess fallin að auðvelt sé að greina, fylgjast með og stýra rekstrinum.

Stjórnendaeftirlit: Felur í sér viðvarandi vöktun og einstakar prófanir á virkni eftirlitsaðgerða sem notaðar eru til að sannreyna að allir fimm þættir eftirlits séu til staðar og virkir. Stjórnendur og lykilstarfsmenn skulu sinna markvissu eftirliti með rekstri félagsins og innra eftirliti þess.

Þriggja laga varnarlína er til staðar hjá félaginu. Stjórnendur og starfsmenn mynda fyrstu varnarlínu í daglegri starfsemi. Þar er um að ræða eftirlitsaðgerðir og frávíkaskráningu. Áhættustýring, tryggingastærðfræðingur og regluvarsla mynda aðra varnarlínu með stjórnendaeftirliti, skipulegri vöktun og ráðgjöf. Þar er sannreynt og staðfest að eftirlitskerfið sé virkt og séð til þess að starfsfólk starfi í samræmi við lög og reglur og fylgi innri reglum. Þriðja

varnarlínan tekur til innri endurskoðunar sem starfar í umboði og á ábyrgð stjórnar sem veitir óháð mat á virkni fyrstu og annarrar varnarlínu og hversu vel þær sinna hlutverki sínu.

Ábyrgð á innra eftirliti Varðar skiptist með eftirfarandi hætti:

- Stjórn ber ábyrgð á innra eftirliti félagsins og jafnframt á að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt og skjalfest
- Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits
- Forstjóri og aðrir stjórnendur bera ábyrgð á daglegri framkvæmd og viðhaldi innra eftirlits sem og að starfsfólk séu upplýstir og meðvitaðir um innra eftirlit félagsins

Áhersla er lögð á virkt innra eftirlit, það er formfast, skjalfest, reglubundið og sannreynt. Innra eftirlit birtist meðal annars í gæðahandbók á innri vef félagsins, en þar eru verklagsreglur, verklýsingar og leiðbeiningar skráðar, og einnig í siðareglum og starfsmannastefnu félagsins. Það hvílir öðru fremur hjá starfsmönnum þó endanleg ábyrgð sé hjá stjórn og stjórnendum og er mótað af því umhverfi sem endurspeglast í stjórnskipulagi og stjórnunarháttum félagsins.

Regluvarsla er eitt af lykilsviðunum fjórum sem tryggingafélögum er skylt að starfrækja samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi. Helstu verkefni eru eftirfarandi:

- Að setja og koma á stefnu um reglufylgni og áætlun um reglufylgni
- Að veita starfsmönnum nauðsynlega fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til að þeir geti uppfyllt skyldur samkvæmt m.a lögum um váttryggingastarfsemi
- Að veita stjórn félagsins ráðgjöf um framkvæmd laga um váttryggingastarfsemi og meta áhrif lagabreytinga á starfsemina
- Að skila skýrslu til stjórnar árlega og koma á fund stjórnar og gera grein fyrir helstu niðurstöðum

Að auki er gert ráð fyrir að regluvörður sjái til þess að félagið fylgi þeim lögum sem gilda um starfsemi þess og meti áhættuna af því að það sé ekki gert, svokallaða hlítingaráhættu⁵. Á árinu 2019 var hannað nýtt áhættumatskerfi til að meta hlítingaráhættu og gera regluverði auðveldara um vik að fylgja eftir einstökum áhættum í rekstri.

B.5 Innri endurskoðun

Arion banki sinnir lykilstarfssviði innri endurskoðunar á grundvelli útivistunarsamnings. Í skipuriti heyrir innri endurskoðandi beint undir stjórn sem ber ábyrgð á störfum innri endurskoðanda. Útivistun verkefnisins tryggir sjálfstæði og hlutleysi frá þeim atriðum í starfsemi Varðar sem eru til skoðunar hverju sinni. Innri endurskoðandi sinnir engum öðrum verkefnum fyrir Vörð og er því ekki um að ræða neina hagsmunaaárekstra

Stjórn og stjórnendur félagsins skulu tryggja að neðangreindir þættir séu allir til staðar svo innri endurskoðun geti verið virk í störfum sínum:

- Óhæði þarf að vera tryggt í stjórnskipulagi félagsins.
- Tryggja þarf að innri endurskoðun geti sinnt störfum sínum af hlutlægni og sé tryggt nægilegt fjármagn til að sinna starfi sínu á fullnægjandi hátt.
- Ótakmarkaður aðgangur að öllum þáttum í starfsemi félagsins, svo sem eignum, skráum og öðrum gögnum sem innri endurskoðun telur nauðsynleg til að ná fram

⁵ e. compliance risk

markmiðum endurskoðunar, þar með talið upplýsingum hjá stjórnendum og fundargerðum stjórna og nefnda.

- Óheftan og milliliðalausan aðgang að stjórn, formönnum stjórna beggja félaga og formanni endurskoðunarnefndar.
- Heimild til að krefjast þess að allt starfsfólk og stjórnendur veiti upplýsingar og útskýringar sem á þarf að halda innan hæfilegs tíma.

Hlutverk og valdsvið innri endurskoðunar skal skýrt afmarkað, í útivistunarsamningi milli innri endurskoðunar og Varðar.

Helsta verkefni innri endurskoðunar er að tryggja áreiðanleika mikilvægra upplýsinga sem stjórnendur reiða sig á í starfseminni, hvort sem þær eru fjárhagslegar eða annars eðlis. Innri endurskoðun skal því á reglubundinn hátt kanna ákveðna þætti í starfseminni, til dæmis að:

- Innra eftirlit sé innbyggt í verkferla
- Verklagsreglum sé fylgt
- Starfs- og stjórnarhættir séu í samræmi við lög og reglur
- Innra eftirlit sé til staðar og skilvirk
- Áhættustýring sé fullnægjandi
- Upplýsingaöryggi sé tryggt
- Lögum og reglum sem hafa mikla þýðingu fyrir starfsemina sé fylgt í hvívetna

Innri endurskoðun gerir úttekt á virkni innra eftirlits og metur gildi þess með hliðsjón af því hlutverki sem því er ætlað að þjóna og fjallar um í árlegri skýrslu sinni.

B.6 Tryggingastærðfræðingur

Starfssviðið lykilstarfssviðsins tryggingastærðfræðings hjá Verði er útviðað til TBG ehf., Bjarna Guðmundssonar, sem starfar sem verktaki samkvæmt fyrirbyggjandi samningi um útivistun verkefna. Helstu ábyrgðarhlutverk hans og verkefni eru tilgreind í útivistunarsamningi og eru í samræmi við ákvæði laga og reglna sem gilda um starfsemina:

- Reiknar út og metur vátryggingaskuld
- Aðstoðar og veitir álit um stefnu um áhættutöku og endurtryggingastefnu og veitir álit á áhættutöku og áhættu við gerð endurtryggingasamninga og metur áhrif þessara þátta á vátryggingaskuld félagsins
- Aðstoðar við iðgjaldaútreikning og áhættumat eftir þörfum. Útbýr tæknilega reiknigrunna sem notaðir eru við útreikning iðgjalda við m.a. vinnslu iðgjaldafalna
- Aðstoðar við vöruþróun og undirbúning að nýjum tryggingagreinum eftir því sem þörf er á hverju sinni
- Skilar skýrslu til stjórnar félagsins að minnsta kosti einu sinni á ári um verkefni sem tryggingastærðfræðingur sinnir og helstu niðurstöður þeirra
- Ber ábyrgð á samskiptum við eftirlitsaðila varðandi atriði sem að snúa að sviði tryggingastærðfræðings.

Tryggingastærðfræðingur fær upplýsingar um vöruþróun og nýja vöru áður en formleg ákvörðun er tekin um að bjóða hana viðskiptavinum og eru niðurstöður hans ræddar.

Gerð er krafa um að tryggingastærðfræðingur hafi ávallt að skipa aðilum með þekkingu á tryggingastærðfræði og fjármálastærðfræði í samræmi við eðli, umfang og margbreytileika þeirrar áhættu sem fylgir starfsemi félaganna. Þá er gerð sú krafa að tryggingastærðfræðingur

hafi reynslu sem við á við notkun á stöðlum sem tengjast faginu, svo og öðrum viðeigandi stöðlum. Tryggingastærðfræðingur skal hafa hlotið viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins.

1. Reiknar út og metur váttryggingarskuld félagsins ársfjórðungslega og oftari ef þörf krefur

1.1 Við samræmingu á útreikningi váttryggingaskuldar heyra eftirfarandi verkefni undir starfssvið tryggingastærðfræðings:

- Notkun á aðferðafræði og verklagsreglum til að meta hvort váttryggingaskuld sé fullnægjandi og til að tryggja að útreikningur sé í samræmi við XIV. kafla laga um váttryggingastarfsemi,
- Mat á óvissu sem fylgir útreikningi á váttryggingaskuld,
- Tryggja að tekið sé á hvers kyns takmörkunum í gögnum sem notuð eru til að reikna út váttryggingaskuld á viðunandi hátt,
- Tryggja að þær nálganir sem best eiga við séu notaðar við útreikning á besta mati í samræmi við 83. gr. laga um váttryggingastarfsemi,
- Tryggja að einsleitir áhættuflokkar váttryggingarskuldbindinga séu tilgreindir fyrir viðeigandi mat á undirliggjandi áhættu,
- Taka tillit til viðeigandi upplýsinga sem fjármálamarkaðir veita og almennra aðgengilegra gagna um váttryggingaráhættu og tryggja að þau séu felld inn í matið á váttryggingaskuld,
- Bera saman og rökstyðja sérhvern veigamikinn mun í útreikningi á váttryggingaskuld milli ára,
- Tryggja að viðeigandi mat sé notað vegna valréttar og ábyrgða sem felast í váttryggingarsamningum.

1.2 Starfssvið tryggingastærðfræðings skal meta hvort aðferðafræði og forsendur sem notuð eru við útreikning á váttryggingaskuld séu viðeigandi fyrir váttryggingagreinar félagsins og hvernig rekstri þess er stjórnað með hliðsjón af tiltækum gögnum.

1.3 Starfssvið tryggingastærðfræðings skal meta hvort upplýsingatæknikerfi sem notuð eru við útreikning á váttryggingaskuld styðji nægjanlega við þær tryggingastærðfræði- og tölfræðiaðferðir sem eru notaðar.

1.4 Starfssvið tryggingastærðfræðings skal, þegar bestu mót eru borin saman við fyrri reynslu, endurskoða gæði eldri bestu mata og nota þann skilning sem fæst við það mat til að bæta gæði útreikninga. Samanburður á bestu mótum við fyrri reynslu skal gera með samanburði á mældum gildum og matsins sem liggur að baki útreikningi á besta mati, í þeim tilgangi að draga ályktanir um hversu viðeigandi, nákvæm og heildstæð gögn og forsendur sem notaðar eru sem og aðferðafræðin sem beitt er við útreikning þeirra.

1.5 Upplýsingar sem lagðar eru fyrir stjórn um útreikning váttryggingaskuldar skulu fela í sér að minnsta kosti **rökstudda greiningu** á áreiðanleika og nægjanleika útreiknings hennar og á heimildum og óvissustigi í mati á váttryggingaskuld. Greiningin skal studd með næmnigreiningu vegna hvernar stórrar áhættu sem váttryggingaskuld felur í sér. Starfssvið tryggingastærðfræðings skal tiltaka og útskýra, eftir því sem við á, efasemdir um hvort váttryggingaskuld sé nægileg.

2 Aðstoðar og veitir álit árlega um stefnu um áhættutöku (e. underwriting risk policy) og endurtryggingarstefnu (e. reinsurance policy) og **veitir álit** á áhættutöku og áhættu við gerð endurtryggingasamninga og metur áhrif þessara þátta á váttryggingaskuld félagsins¹.

- 3 Álit starfssviðs tryggingastærðfræðings á **áhættutöku** váttryggingafélags, skal að minnsta kosti fela í sér ályktanir um;
- hvort framtíðariðgjöld séu nægileg, sérstaklega með tilliti til undirliggjandi áhættu, þ.m.t. váttryggingaráhættu og áhrif valréttar og ábyrgða sem felast í váttryggingarsamningum,
 - áhrif verðbólgu, lagalegrar áhættu, breytinga á samsetningu eignasafns félagsins og kerfa sem breyta iðgjöldum með hliðsjón af tjónasögu váttryggingartaka (bónuskerfi) eða svipaðra kerfa sem innleidd eru í einsleitum áhættuflokkum,
 - vaxandi tilhneigingu váttryggingastofns til að draga að eða halda í tryggða einstaklinga með hærra áhættusnið (andval).
- 4 Álit starfssviðs tryggingastærðfræðings um **endurtryggingavernd** skal fela í sér greiningu á hvort eftirfarandi atriði séu fullnægjandi:
- áhættusnið og áhættutaka félagsins,
 - endurtryggjendur með tilliti til lánshæfis þeirra,
 - vænt endurtryggingavernd við álagssviðsmyndir að teknu tilliti til áhættutöku,
 - útreikningur á endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingarsamningum og félögum með sérstakan tilgang.
- 5 Aðstoðar við iðgjaldaútreikning og áhættumat eftir þörfum. Útbýr tæknilega reiknigrunna sem notaðir eru við útreikning iðgjalda við meðal annars vinnslu iðgjaldadataflna einkum vegna Varðar líftrygginga hf.
- 6 Aðstoðar við vörubróun og undirbúning að nýjum tryggingagreinum eftir því sem þörf er á hverju sinni.
- 7 Starfssvið tryggingastærðfræðings skal að minnsta kosti árlega leggja skriflega skýrslu fyrir stjórn til viðbótar við skýrslu um tjónaskuld. Skýrslan skal fela í sér öll verkefni sem starfssvið tryggingastærðfræðings hefur framkvæmt og niðurstöður þeirra. Tilgreina skal með skýrum hætti sérhvern annmarka og veita ábendingar um úrbætur.
- 8 Ber ábyrgð á samskiptum við eftirlitsaðila varðandi atriði er snúa að starfssviði tryggingastærðfræðings.

B.7 Útvistun

Útvistun er fyrirkomulag sem komið er á milli váttryggingafélags annars vegar og þjónustuaðila hins vegar þar sem þjónustuaðilinn framkvæmir verkefni, veitir þjónustu eða stundar tiltekna starfsemi sem váttryggingafélagið sjálft myndi annars sjá um. Þjónustuaðilinn vinnur verkið sjálfur eða með endurútvistun. Þrátt fyrir útvistun ber váttryggingafélagið ábyrgð á því að farið sé að lögum og reglum sem um starfsemina gilda enda verður ábyrgðinni ekki útvistað.

Stefna Varðar er að útvista verkefnum þar sem það er talið hagkvæmt út frá rekstrarlegum sjónarmiðum, enda sé tryggt að gæði þjónustu útvistunaraðila séu fullnægjandi og að þeir starfi í samræmi við kröfur félagsins. Á grundvelli þessara forsendna útvistar Vörður ýmsum verkefnum og þar með talið nokkrum mikilvægum verkefnum, samanber eftirfarandi:

- Starfssvið tryggingastærðfræðings
- Innri endurskoðun
- Eignastýring
- Persónuverndarfulltrúi
- Rekstur upplýsingatækniumhverfis

Í útvistunarstefnu sem stjórn hefur sett er skilgreint hvaða almennu kröfur eru gerðar til útvistunaraðila, en eins og áður hefur komið fram eru bæði tryggingastærðfræðingur og innri endurskoðun dæmi um útvistun lykilstarfssviða. Tryggja skal þegar ákvörðun er tekin um útvistun að hún sé tekin frá rekstrarlegum sjónarmiðum, tryggt sé að þjónusta útvistunaraðila sé fullnægjandi að mati félagsins og að útvistunaraðilar starfi í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í útvistunarsamningi. Í stefnu um útvistun er kveðið á um að stjórn beri ábyrgð á útvistuðum verkefnum en að forstjóri taki ákvörðun um útvistun hverju sinni. Í stefnunni hefur enn fremur verið skilgreint hvaða þættir í starfseminni falli undir mikilvæg verkefni sem eðlilegt geti talist að útvista. Þar á meðal eru verkefni þar sem sérfræðikunnáttu skortir innanhúss vegna smæðar félagsins. Litið er svo á að slík útvistun geti falið í sér hagræðingu í rekstri sem styður vel við aðalmarkmið hennar.

Þar sem öll starfsemi Varðar er á Íslandi er lögsagnarumdæmi allra útvistunaraðila á Íslandi.

B.8 Aðrar upplýsingar

Það er mat stjórnenda Varðar að með breytingum sem gerðar voru á stjórnkerfi félagsins árið 2019 með nýju stjórnendalagi og með styrkingu innviða hafi verið komið á stjórnskipulagi sem hentar stærð þess og starfsemi en um leið hafi verið gætt að öllum meginsjónarmiðum sem lög og reglur kveða á um. Haldið verður áfram að þróa stjórnkerfið og stjórnhætti og styrkja innviði alla auk þess sem megináherslan verður á viðskiptavini Varðar og þjónustu við þá.

Ekki er um aðrar upplýsingar að ræða sem varða stjórnkerfi og skipulag Varðar sem ástæða er til að fjalla sérstaklega um.

C. Áhættusnið

Vörður endurskoðar markmið, áhættuvilja og vilmörk árlega. Félagið er ekki áhættusækið en áhættuviljinn er endanlega skilgreindur af stjórn. Leitast er við að lágmarka undirliggjandi áhættur með fyrirbyggjandi aðgerðum. Markmiðið er að lágmarka líkur á fjárhagslegu tapi og tryggja hagsmuni váttryggingataka. Mat á einstökum áhættum er yfirfarið og endurmetið reglulega til að bregðast við breytingum á markaði og í starfsemi félagsins.

C.1 Váttryggingaráhætta

Vörður nálgast váttryggingaráhættu af varfærni, en leggur áherslu á fjárhagslegan styrk félagsins, hlítinu við lög og reglur og hagsmuni váttryggingataka, samanber hlutverk félagsins sem er að „tryggja fjárhagslegt öryggi“ viðskiptavina.

Félagið stendur frammi fyrir fjárhagslegri áhættu vegna fjáreigna sinna, endurtryggingaeigna og váttryggingaskuldar. Megin fjárhagsleg áhætta er að fjáreignir dugi ekki fyrir skuldbindingum vegna váttryggingasamninga þess.

Váttryggingaráhætta er skilgreind sem önnur af tveimur lykiláhættum félagsins. Undir hana falla:

- Hönnun afurða og verðlagning
- Sala og endurnýjun
- Váttryggingaskuld
- Afgreiðsla tjóna
- Endurtryggingar

Reglulegt áhættumat og skýrslugjöf er nýtt til að greina, meta og bregðast við undirliggjandi váttryggingaráhættu. Áhættumat fer fram við nýsölu og endurnýjun og áhersla er lögð á að verðleggja vöruna í samræmi við umfang áhættunnar. Váttrygginganefnd metur stórar og óvenjulegar áhættur. Hámark eigin áhættu er endurmetið árlega og allt umfram það fellur á endurtryggjendur gegnum endurtryggingasamninga sem eru endurnýjaðir árlega. Í eigin áhættumati ársins (ORSA) var umfang samanlagðrar váttryggingaráhættu, það er nettó áhrif áfallsins, 10% af áætlaðri gjaldþolskröfu samstæðunnar 2019. Gjaldþolshlutfallið var áætlað 161%, en myndi lækka í 151% við álagið. Endanlegt gjaldþolshlutfall í lok árs nam 144% og myndi lækka í 135% við sama áfall. Félagið stæðist því þessa sviðsmynd, sem tekur mið af rangri verðlagningu nýsölu, hækkun tjónahlutfalls, vanmati á tjónaskuld ásamt stórtjóni (stormi). Engin meiriháttar breyting var gerð á áhættumati á árinu, en þó var í fyrsta sinn skoðuð áhrif þess ef of há verðlagning við nýsölu ylli því að hluti viðskiptavina kysi að fara annað.

C.2 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði skuldabréfa, hlutabréfa og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Markaðsáhætta er skilgreind sem önnur af tveimur lykiláhættum félagsins. Undir hana falla:

- Vaxtaáhætta
- Hlutabréfaáhætta
- Mótaðilaáhætta
- Samþjöppunaráhætta
- Gjaldmiðlaáhætta

Stjórn Varðar setur fjárfestingarstefnu þar sem eignaflokkun og markmið eru skilgreind. Fjárfestingarstefna félagsins er varfærin en viðmið er að 35% eignasafnsins skuli samanstanda af ríkistryggðum skuldabréfum. Hlutfall, samkvæmt samþykktri fjárfestingastefnu, er að laust fé og skuldabréf skuli vera 80% af eignasafni, en hlutabréf mega vera 20%. Ríflega 90% safnsins eru bréf skráð á almennum fjármálamarkaði. Óskráðar eignir hækkuðu aðeins á árinu 2019 sem skýrist að stærstum hluta vegna innköllunar á skuldbindingum sem félagið er með í framtakssjóðum.

Í fjárfestingarstefnu félagsins er sérstaklega vísað til 113. greinar laga númer 100/2016 þar sem kveðið er á um varfærnisregluna við fjárfestingar. Í eignasafni félagsins eru aðeins fjármálagerningar sem mögulegt er að mæla, fylgjast með, stjórna/meðhöndla og bregðast við áhættu með viðeigandi hætti. Áhersla í fjárfestingum félaganna hefur verið á skráð verðbréf með seljanleika í huga. Nánast allir fjármálagerningar félaganna eru rafrænt skráðir og vistaðir á VS reikningum hjá íslenskum bönkum. Mikið vægi ríkisbréfa í fjárfestingarstefnu félagsins styður við varfærnisreglu laganna um öryggi, gæði og seljanleika, en arðsemi íslenskra skuldabréfa hefur einnig verið vel ásættanleg.

Stefna félagsins við stýringu markaðsáhættu ræðst af fjárfestingamarkmiðum þess. Starfsfólk fylgist með daglegum breytingum á markaði í samræmi við stefnu og starfsreglur. Stjórn fylgist með og greinir heildarmarkaðsáhættu félagsins á mánaðarfresti eða oftár ef þurfa þykir.

Eigið áhættumat (ORSA) gerir ráð fyrir að samanlögð markaðsáhætta nemi 30% af áætlaðri gjaldpolskröfu samstæðunnar árið 2019. Félagið stæðist áfall af þessum toga, en áætlað gjaldpolshlutfall lækkaði úr 161% í 131%. Gjaldpolshlutfall í lok árs nam 144% og myndi lækka í 117% við sama áfall. Félagið stæðist því þessa sviðsmynd, sem tekur mið af markaðslækkun verðbréfa. Engin meiriháttar breyting var gerð á áhættumati á árinu, nema gjaldmiðlaáhætta nú tekin með.

Áhættusnið félagsins vegna markaðsáhættu miðað við Solvency II mat í árslok 2019 og 2018 er eftirfarandi:

Market risk	2019	2018	Mismunur
Interest rate risk	362.339	488.114	-125.775
Equity risk	1.426.098	909.911	516.186
Property risk	0	0	0
Spread risk	542.972	527.142	15.830
Currency risk	109.731	76.912	32.819
Market risk concentrations	439.315	361.126	78.189
Counter-cyclical premium risk	0	0	0
Diversification	-891.910	-855.255	-36.655
Market risk	1.988.545	1.507.950	480.594

Markaðsáhætta hækkar um 481 m.kr. milli ára eða 31,9%. Fjáreignir Varðar hækka á sama tíma um 12%. Vaxtaáhætta lækkar um 25,8%, en félagið hefur á síðustu misserum verið að auka vægi sértryggðra skuldabréfa ásamt veðtryggðum skuldabréfum og öðrum skuldabréfum og á sama tíma gætt að því að stytta líftíma skuldabréfanna. Vátryggingaskuldin hækkar sömuleiðis samfara stækkun félagsins. Hlutabréfaáhætta hækkar mikið eða um 516 m.kr., eða heil 56,7%, en áhættuálag EIOPA er að hækka sem skýrir um 20% af þessari hækkun. Hrein hlutabréfaeign

Samstæðunnar hækkar milli ára vegna góðrar hækkunar á hlutabréfamörkuðum en einnig vegna þess að félagið fjárfesti í óskráðum hlutabréfum annars vegar í Hvatningu (Bláa lóninu) en einnig þar sem að dregið var á fjárfestingaloforð í Umbreytingu og 105 Miðborg. Að lokum má einnig skýra þessa miklu hækkun vegna þess að félagið horfði ekki í gegnum alla þá sjóði sem félagið hefur fjárfest í. Þá hækkar gjaldmiðlaáhætta um 32,8 m.kr., sem skýrist af því að félagið jók eign sína í verðbréfasóðum sem fjárfesta erlendis í kjölfar þess að fjárfestingarstefnan veitti heimild til að fjárfesta allt að 5% í erlendum verðbréfum. Um áramótin 2019/2020 var hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðli um 3%.

Samþjöppunaráhætta tekur til allra áhættuskuldbindinga sem eru nógu stórar til að tap vegna þeirra gæti ógnað gjaldþoli eða fjárhagslegri stöðu félagsins. Vörður telur þessa áhættu geta átt við um samsetningu endurtryggjenda, útgefendur verðbréfa og viðskiptavini sína.

Til þess að minnka samþjöppunaráhættu sem snýr að endurtryggjendum er samningunum dreift á nokkra aðila til að koma í veg fyrir að of stór áhætta liggi á einni hendi. Félagið dreifir fjárfestingum sínum í samræmi við fjárfestingastefnu og leitast við að eiga viðskipti við minni og meðalstór fyrirtæki til að dreifa áhættunni. Þá er um 70% viðskiptavina skaðafélagsins einstaklingar og enn stærra hlutfall líftryggingafélagsins.

Eins og fram kemur í töflunni um markaðsáhættu hér að ofan er áhættusnið félagsins vegna samþjöppunaráhættu í árslok 2019 439 m.kr. á móti 361 m.kr. árið áður, eða 21,6% hækkun sem skýrist af hærri stöðu einstakra eigna innan eignasafnsins.

C.3 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður, endurtryggjandi eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar við félagið. Vörður reynir að lágmarka þennan áhættuþátt með því að ganga eingöngu til samninga við traustar og vel þekktar stofnanir ásamt því að fara í gegnum virkt áhættumat við nýsölu váttrygginga.

Vörður hefur sett sér endurtryggingastefnu þar sem fram kemur að endurtryggjendur skuli hafa mat á fjárhagsstyrk frá alþjóðlegu matsfyrirtæki, A eða betra, og mörk eru sett um hve mikla áhættu félagið tryggir hjá hverjum endurtryggjanda.

Virkt innheimtuferli lágmarkar vanskil eins og kostur er. Fylgst er með þróun vanskila með reglulegu vanskilayfirliti.

Helsta mótaðilahættan á fjárfestingasafnið er ef lánsþæfismat ríkissjóðs eða íslensku bankanna lækkar. Áhættusnið félagsins vegna mótaðilaáhættu m.v. Solvency II mat í árslok 2019 og 2018 er eftirfarandi:

Counterparty default risk	2019	2018	Mismunur
Counterparty default risk of type 1 exposures	583.362	565.351	18.011
Counterparty default risk of type 2 exposures	51.017	158.452	-107.435
Loss absorbing capacity of technical provisions	0	0	0
Combined risk	622.540	692.171	-69.631
Net	622.540	692.171	-69.631

Gjaldþolskrafa vegna mótaðilaáhættu lækkar um 70 m.kr., eða 10%, milli ára. Það skýrist fyrst og fremst af lækkun vanskila. Engar meiriháttar breytingar urðu á mótaðilaáhættu eða meðhöndlun hennar á árinu. Í ORSA mati var enn ákveðið að sleppa mótaðilaáhættu tengda bönkunum þar sem áhrif þess að íslensku bankarnir falli úr flokki (quality step) 2 í 3 hafa óveruleg áhrif á fjárhag félagsins. Ekki var gert ráð fyrir öðrum áföllum tengdum eignasafninu. Afleiðingar af greiðslufalli endurtryggjenda var metið og jafnframt var hækkun vanskila viðskiptavina félagsins skoðuð. Niðurstaða ORSA matsins er að mótaðilaáhætta hafi lítil áhrif á gjaldþol samstæðunnar, það fari úr áætluðu 161% gjaldþolshlutfalli í 156%.

C.4 Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Markmið Varðar er að alltaf sé til nægjanlegt laust fé til að geta mætt ófyrirséðum breytingum í fjármögnun eða markaðsbresti. Áhættustýring lágmarkar lausafjárahættu með því að sjá til þess að nægjanlegt handbært fé sé fyrir hendi á hverjum tíma. Stefna Varðar kveður á um ákveðið lágmark handbærs fjár á hverjum tíma og til viðbótar er gert ráð fyrir að skráðar fjáreignir félagsins, sem eru stór hluti af heildareignum þess, séu innleysanlegar með stuttum fyrirvara.

Niðurbrot fjárhagslegra eigna og skulda eftir líftíma er eftirfarandi:

2019	Gjaldfært	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Óskilgr. líftími	Samtals
Eignir:							
Handbært fé	786.415	-	-	-	-	-	786.415
Fjárfestingar	-	1.341.280	120.104	6.539.280	4.442.687	6.669.593	19.112.944
Viðskiptakröfur	141.724	422.701	2.213.232	-	-	-	2.777.657
Aðrar kröfur	-	-	117.073	-	-	-	117.073
Endurtryggingaeignir	-	51.770	114.438	136.806	5.021	-	308.035
Fjáreignir samtals	928.139	1.815.751	2.564.847	6.676.086	4.447.708	6.669.593	23.102.124
Skuldir:							
Vátryggingaskuld	-	3.849.173	5.389.285	4.682.422	787.798	-	14.708.678
Leiguskuldbingin	-	11.012	32.960	181.778	70.077	-	295.827
Viðskiptaskuldir	-	491.727	2.058	-	-	-	493.785
Tekjuskattur til greiðslu	-	-	326.485	-	-	-	326.485
Fjárskuldir samtals	-	4.351.912	5.750.788	4.864.200	857.875	-	15.824.775
Eignir - skuldir	928.139	- 2.536.161	- 3.185.941	1.811.886	3.589.833	6.669.593	7.277.349

Engar meiriháttar breytingar urðu á lausafjárahættu eða meðhöndlun hennar á árinu.

C.5 Rekstraráhætta

Vörður býr við rekstraráhættu vegna mögulegs beins eða óbeins taps í tengslum við ýmsa þætti er varða til dæmis starfsfólk, tækni og skipulag, og tengsl við utanaðkomandi þætti svo sem lög og reglur og viðurkennda staðla um háttsemi fyrirtækja. Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga.

Markmið Varðar er að verjast rekstraráhættu til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón og að orðstír þess verði fyrir skaða. Þetta er gert með virku innra eftirlitskerfi og skilvirkum starfsreglum og ferlum.

Lögð er rík áhersla á áreiðanleika upplýsingakerfa. Vörður hefur lengi unnið eftir ISO 27001 en fékk vottun á stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt ISO/IEC 27001 í upphafi árs 2016. Vottunin hefur verið endurnýjuð árlega síðan.

Til að draga úr rekstraráhættu gerir Vörður meðal annars kröfu um að verkefni og skyldur séu aðskildar á viðeigandi hátt. Gerð er krafa um reglulegar afstemmingar í bókhaldi og eftirlit með þeim, að farið sé að lögum og reglum og að gert sé reglulegt mat á rekstraráhættuþáttum. Þá er gerð krafa um þjálfun starfsfólks og faglega uppbyggingu félagsins. Áhættan er m.a. lágmörkuð með því að halda utan um og rýna allar verklagsreglur, vinnulýsingar, gátlista, kröfur, leiðbeiningar og eyðublöð í gæðakerfi félagsins. Vörður hefur öryggisstefnu, öryggishandbók og neyðaráætlun. Skipuð er öryggisnefnd og öryggisstjóri sem ber ábyrgð á öryggismálum félagsins. Neyðaráætlun er prófuð árlega.

Almennt hækkaði mat á rekstraráhættu lítillega árið 2019 samanborið við fyrra ár. Hækkunin felst fyrst og fremst í fjölgun skráðra áhætta. Ákveðið var að eyða nokkrum áhættum á tímabilinu, ýmist vegna þess að brugðist hafði verið við þeim með forvörnum eða að áhrif þeirra voru metin léttvæg. Á árinu 2019 var rekstraráhætta tengd upplýsingaöryggi sérstaklega uppfærð og tekin inni verklag við eigið áhættumat félagsins. Skráðar voru þrjár nýjar áhættur sem snúa að upplýsingatæknimálum. Þar með er heildaráhættumat skráð á einum stað sem auðveldar yfirsýn yfir heildarstöðu mála. Við áhættumat er lögð áhersla á að ná til stærstu og mikilvægustu áhættanna frekar en að skrá fjölda smærri áhætta.

C.6 Aðrar mikilvægar áhættur

Orðsporsáhætta

Markaðsleg staða Varðar hefur styrkst til muna á undanförunum árum, fjöldi viðskiptavina hefur vaxið mikið og fjárhagur styrkst. Félagið stendur eftir uppbyggingu í rúman áratug, jafnfætis öðrum félögum á markaði á flestan eða allan hátt. Eitt af lykilmarkmiðum Varðar er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki. Vörður hlaut hæstu einkunn váttryggingafélaga í mælingu Íslensku ánægjuvogarinnar árin 2015 og 2016, var í öðru sæti 2017, því þriðja 2018 og náði öðru sæti 2019. Hraður vöxtur undanfarinna ára hafði þau áhrif að þjónustugæði dölðu heldur, en markvisst hefur verið unnið að umbótum á skipulagi og þjónustu. Stefnan er að þjónusta félagsins sé í fremstu röð á íslenskum markaði.

Fylgst er með allri umfjöllun um félagið bæði með vöktun á netinu og í fjölmiðlum. Unnið er með fagaðila í almannatengslum að úrlausn þeirra mála sem upp koma. Áhættumat orðsporsáhættu lækkaði árið 2019 samanborið við fyrra ár. Lækkunin felst í fækkun skráðra áhætta, en þær áhættur sem eftir standa halda óbreyttu mati.

Stefnumótunaráhætta

Vörður leggur áherslu á að hafa skýra stefnu og framtíðarsýn og að starfsfólk séu vel upplýstir um stefnu og markmið félagsins á hverjum tíma. Sviðin setja sér eigin áherslur og undirmarkmið og þeim er fylgt eftir á reglulegum sviðsfundum.

Aðeins ein stefnumótunaráhætta er skráð hjá félaginu og er hún metin lítil. Sú áhætta var einnig sú eina árið 2018 og mat hennar það sama.

Eiginfjárahætta

Eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) er framkvæmt árlega, en þar er fjárhagslegur styrkur metinn, bæði í árslok og horft til framtíðar eða til næstu þriggja ára. Niðurstaða matsins var heilt yfir jákvæð og miðað við gefnar forsendur er ekki þörf á frekara fjármagni til næstu ára. Eiginfjárahættu er stýrt með því að tryggja nægt eigið fé á hverjum tíma.

Stjórnir Varðar og Varðar líftrygginga hafa sett félögunum eiginfjár-, gjaldþols- og arðgreiðslustefnu sem er endurskoðuð árlega. Við gerð á stefnunum var notast við hinar ýmsu sviðsmyndir og leitast við að tryggja að félögin hafi á hverjum tíma nægt eigið fé til að standast gjaldþolskröfur samkvæmt Solvency II.

Eignir félagsins sem mæta eiga gjaldþolskröfu flokkast undir eiginfjárbátt 1.

Eiginfjárahætta er ekki skráð hjá félaginu, en fylgst er með þróun gjaldþolshlutfalls ársfjórðungslega.

Samstæðuáhætta

Vörður er í eigu Arion banka. Efnahagur bankans er sterkur og hann býður viðskiptavinum sínum alhliða fjármálaþjónustu með það að markmiði að skapa verðmæti til framtíðar, viðskiptavinum, hluthöfum, samstarfsaðilum og samfélaginu öllu til góða. Vörður hefur nú verið í eigu Arion banka í rúmlega þrjú ár og hefur eignarhaldið á engan hátt raskað stöðu félagsins á markaði. Arion banki lítur svo á að eignarhaldið á Verði skapi sérstöðu á markaði og sé mikilvægur þáttur í þeirri stefnu að veita viðskiptavinum samstæðunnar heildstæða fjármálaþjónustu og kynnti félagið sem fjórðu stöðina í sínum rekstri á markaðsdegi Arion banka í nóvember 2019. Dótturfélagið Vörður líftryggingar er stærsta líftryggingarfélagið á Íslandi. Félagið er fjárhagslega sterkt og eflir sem slíkt stöðu samstæðunnar. Fylgst er með árangri og framgangi mála, bæði skaða- og líftryggingafélagsins og samstæðunnar í heild, en horft er til samstæðuáhættu í hálfsárslegu áhættumati félagsins.

Samstæðuáhætta félagsins var metin sú sama árið 2019 og 2018. Vægi áhættunnar hefur aukist lítillega milli ára en er þó enn lítið.

Samverkandi áhættur

Vörður getur átt á hættu að verða fyrir ólíkum áföllum innan sama rekstrarársins. Ólíkar sviðsmyndir eru skoðaðar í árlegu ORSA mati og í framhaldi er metið hvort félagið sé líklegt til að standast hin ýmsu áföll. Ólíklegt er að öll áföllin eigi sér stað á sama ári, en áhættan sem fylgir samverkandi váttrygginga-, markaðs-, mótaðila- og rekstraráhættu er metin. Niðurstaða ORSA matsins 2019 er að Vörður standist slík samverkandi áföll til næstu þriggja ára. Mat stjórnenda er að gangi áætlanir félaganna eftir, og áföllin verði ekki meiri en sviðsmyndin gerir ráð fyrir, þurfi samstæðan ekki á frekara fjármagni að halda á næstu þremur árum.

C.7 Aðrar upplýsingar

Ekki eru aðrar upplýsingar sem vert er að taka fram um áhættusnið Varðar.

D. Virði og verðmat skv. Solvency II

D.1 Eignir

Mat á eignum og skuldum samstæðunnar er á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að ákveðnir fjármálagerningar eru færðir á gangvirði og á það við um stærstan hluta fjárfestingaefna samstæðunnar.

Eftirfarandi tafla sýnir eignir Varðar samstæðunnar þann 31.12.2019, annars vegar samkvæmt Solvency II mati og hins vegar samkvæmt ársreikningi samstæðunnar sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reiknisskilastöðlum IFRS, ásamt sambærilegum fjárhæðum fyrir árið á undan.

Eignir þús.kr.	31.12.2019 Solvency II	31.12.2019 Ársreikningur	31.12.2018 Solvency II	31.12.2018 Ársreikningur
Viðskiptavild	0	205.956	0	205.956
Skatteign	252.282	0	145.245	0
Rekstrarfjármunir	436.443	672.365	165.431	324.429
Eignarhlutur í dótturfélagi	0	0	83.700	83.700
Hlutabréf	2.032.609	2.032.609	1.893.021	1.893.021
Skuldabréf	12.436.551	12.436.551	11.237.336	11.237.336
Verðbréfasjóðir	4.643.784	4.643.784	2.642.161	2.642.161
Fjárfestingar með áhættu liftr. taka	1.008.120	1.008.120	832.720	832.720
Endurtryggingaeygnir	228.326	308.035	274.370	308.151
Viðskiptakröfur	2.777.657	2.777.657	2.674.571	2.674.571
Aðrar kröfur	117.073	117.073	120.868	120.868
Handbært fé	786.415	786.415	1.340.039	1.340.039
Eignir samtals	24.719.260	24.988.565	21.409.462	21.662.952

Grunnur, aðferðir og forsendur í mati á eignum eru svipaðar hvort sem horft er til Solvency II mats eða alþjóðlegra reiknisskilastaðla IFRS. Munur milli ársreiknings 2019 og Solvency II mats er 269 m.kr., en hann samanstendur fyrst og fremst af því að ekki er heimilt samkvæmt Solvency II að telja viðskiptavild og óefnislegar eignir eins og hugbúnað til eignar. Þetta skýrir líka í stórum dráttum muninn árið 2018. Þá er munur á endurtryggingaeygnum, 80 m.kr., en hann er tilkominn vegna breyttrar aðferðarfræði í Solvency II mati á hlut endurtryggjenda í váttryggingaskuld (sjá umfjöllun um mat á váttryggingaskuld í kafla D.2). Á móti lækkunum samkvæmt Solvency II mati myndast skatteign til hækkunar.

Mat á fjárfestingum félagsins

Meginreglan er sú að eignir Varðar eru metnar á markaðsvirði. Eignir félagsins eru að miklu leyti með þekkt markaðsverð vegna þess að þær eru skráðar eða bundnar í sjóðum sem gefa út verð. Ef svo er ekki getur verið um eftirfarandi aðferðir að ræða:

- Verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóðir eru metnir á innlausnarvirði
- Framtakssjóðir í formi samlagshlutafélaga eru metnir af verðmatsnefnd eignastýringar Arion banka
- Óskráð skuldabréf og skráð skuldabréf með stopul viðskipti eru metin með hliðsjón af sambærilegum bréfum á markaði

Örfáar eignir eru metnar á annan hátt en á markaðsvirði.

D.2 Vátryggingaskuld

Í lögum um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 er kveðið á um útreikning á vátryggingaskuld, einkum í gr. 75 og 76. Þar kemur fram að vátryggingaskuld skuli metin með varfærni og með áreiðanleika og hlutlægni að leiðarljósi. Vátryggingaskuld við útreikning á gjaldþoli skal vera samtala besta mats á skuldbindingum og áhættuálags. Besta mat skuldbindinga er meðaltal framtíðar fjárstreymis, vegið með líkindum, að teknu tilliti til áhrifa tímasetninga greiðslna, með viðeigandi áhættulausum vaxtaferli.

Eftirfarandi er Solvency II vátryggingaskuld Varðar trygginga þann 31.12.2019, besta mat og áhættuálag, sundurliðuð á greinar:

Grein	Besta mat iðgjaldaskuldar	Besta mat tjónaskuldar	Samtals besta mat vátryggingaskuldar	Áhættuálag	Vátryggingaskuld samtals
Sjúkrakostnaðartryggingar	833	1.170	2.003	59	2.062
Örorkutrygging	123.337	524.326	647.663	19.067	666.730
Atvinnuslysasatryggingar launþega	68.426	421.814	490.240	14.432	504.672
Lögboðnar ökutækjatrýggingar	1.933.823	6.646.275	8.580.098	252.594	8.832.692
Frjálsar ökutækjatrýggingar	695.921	314.459	1.010.380	29.745	1.040.125
Sjótryggingar	6.894	229.783	236.677	6.968	243.645
Eignatrýggingar	628.307	438.560	1.066.867	31.408	1.098.275
Ábyrgðartryggingar	140.993	556.888	697.881	20.545	718.426
Efndatrýggingar	-	-	-	-	-
Samtals	3.598.534	9.133.275	12.731.809	374.818	13.106.627

Eftirfarandi er Solvency II vátryggingaskuld Varðar líftrygginga, sem lögð er til grundvallar við mat á gjaldþoli félagsins þann 31.12.2019, besta mat og áhættuálag, sundurliðuð á greinar:

Grein	Samtals besta mat vátryggingaskuldar	Áhættuálag	Vátryggingaskuld samtals
Líftrsk. m. fjárfestingaáh. líftr.taka	1.008.120	-	1.008.120
Líftryggingar	594.080	37.661	631.741
Sjúkdómatryggingar	1.495.378	94.797	1.590.175
Örorkutrygging	98.141	6.221	104.362
Atvinnuslysasatryggingar launþega	14.665	930	15.594
Samtals	3.210.384	139.609	3.349.993

Í umfjöllun um besta mat vátryggingaskuldar Varðar og útreikning á áhættuálagi er stuðst við greinaskipan 22. greinar Guidelines on public reporting frá EIOPA.

Tryggingastærðfræðilegar aðferðir og forsendur við mat váttryggingaskuldar

Tjónaskuld

Í frumtryggingu er tjónaskuld metin með skiptingu váttryggingastofns í flokka sem unnt er að meta með áreiðanlegu tölfræðilegu mati.

Fyrir hvern þessara flokka er notast við upplýsingar um greiðslur tjóna og áætlanir tilkynntra tjóna eftir tjónárum og greiðsluárum á föstu verðlagi miðað við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Fundið var vænt gildi mats með Chain – Ladder aðferð, miðað við tjónsárin 2008–2019.

Við útreikning iðgjaldaskuldar hjá Verði líftryggingum er stuðst við tilkynningarhraða tjóna til félagsins á liðnum árum. Með hermilikani eru reiknuð vænt óframkomin tjón miðuð við þann tilkynningarhraða, tryggingastofn félagsins í lok árs og vænta tjónatíðni samkvæmt því sem fram kemur í reikniforsendum hverrar tryggingargreinar.

Framtíðargreiðsluflæði er núvirt með vaxtaferli raunvaxta miðað við greiðsluhraða í líkönum byggðum á greiðslum. Vaxtaferillinn er fenginn með því að samþætta áhættulausan vaxtaferil nafnvaxta fyrir Ísland, gefið út af EIOPA, verðbólguþá Seðlabanka Íslands 2010–2022 og forsendu um 2,5% árlega verðbólgu eftir það.

Iðgjaldaskuld

Vænt greiðsluflæði vegna iðgjaldaskuldar var fundið með því að margfalda iðgjaldaskuld í ársreikningi 2019 með væntu tjónshlutfalli að viðbættum kostnaði. Gert var ráð fyrir að uppgjörshraði vegna tjóna yrði eins og útreikningur á tjónaskuld gaf til kynna og iðgjaldaskuld síðan afvöxtuð með sömu aðferð og tjónaskuld.

Áhættuálag

Áhættuálag tjónaskuldar skal, samkvæmt Solvency II aðferðarfræði, vera jafnt kostnaði við að eiga fyrir þeirri gjaldþolskröfu sem tilskipunin gerir kröfu til, fyrir váttryggingaskuld félagsins, á þeim tíma sem tæki að gera hana upp. Ennfremur gerir löggjöfin ráð fyrir að sá kostnaður sé 6% af gjaldþolskröfu afvaxtaðri með áhættulausum vaxtaferli EIOPA. Við útreikning á gjaldþoli skal reikna með að markaðsáhættu sé haldið í lágmarki.

Til að spá gjaldþoli á uppgjörstíma váttryggingarskuldar er notuð þriðja stigs einföldun samkvæmt tilskipuninni og telur félagið sig uppfylla þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til að nota þá aðferð.

Samantekt

Óvissa í mati váttryggingaskuldar felst m.a. í frávikum frá meðaltalsgildi líkans fyrir tjónaskuld, og óvissu um réttmæti forsendna líkans og líkansins sjálfs. Ef miðað er við 95% vikmörk tjónaskuldar eftir viðmiðunar reiknilíkani má ætla að við matið bætist rúm 9%. Varðandi hugsanlega óvissu um réttmæti líkans má nefna uppgjör vegna líkamstjóna, sem fer fækkandi, en æ fleiri tjónþolar nýta sér aðstoð lögmanna vegna þeirra. Kann það að hafa áhrif á stærð meðaltjóns og uppgjörshraða og þannig haft áhrif á forsendur um að uppgjörshraði verði svipaður næstu ár og verið hefur. Þá er óvissa um tjónareynslu vegna iðgjaldaskuldar. Upplýsingar liggja fyrir frá tjónadeild félagsins með mati á hverju einstöku tjóni.

Engar meiriháttar breytingar voru gerðar á útreikningi hlutar endurtrygginga í váttryggingaskuld frá fyrra ári.

D.3 Aðrar skuldbindingar

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru metnar eins í Solvency II og ársreikningi, alls 494 m.kr. Í Solvency II efnahagsreikningi er fjárhæðinni skipt upp í 22 m.kr. skuldir vegna endurtrygginga og aðrar viðskiptaskuldir að fjárhæð 472 m.kr. Neðangreind tafla sýnir skiptingu fjárhæðarinnar í ársreikningi, ásamt samanburði við árið 2018:

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2019	2018	Mismunur
Viðskiptaskuldir	145.951	118.244	27.707
Fyrirframgreidd iðgjöld	39.326	131.099	- 91.773
Skuldir vegna endurtrygginga	21.535	42.844	- 21.320
Aðrar skammtímaskuldir og áfallin gjöld	286.973	221.627	65.166
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	493.785	513.814	- 63.965

Leiguskuldbindingar eru metnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS 16 sem tók gildi 1. janúar 2019. Samkvæmt honum ber að eignfæra réttinn til nýtingar leigumunar og skuldfæra skuldbindinguna sem felst í leigusamningum. Samstæðan hefur gert samninga um leigu á húsnæði og er skuldbinding vegna þess metin í árslok sem 295.827 m.kr.

D.4 Aðrar verðmatsaðferðir

Ekki er notast við aðrar verðmatsaðferðir en þær sem fram koma hér að ofan.

D.5 Aðrar upplýsingar

Ekki eru aðrar upplýsingar sem vert er að taka fram sem snúa að verðmatsaðferðum vegna Solvency II.

E. Eiginfjárstýring

E.1 Eigið fé - Gjaldpól

Markmið Varðar er að tryggja að nægt eigið fé sé til staðar á hverjum tíma til að standast kröfur um gjaldpól (SCR) og lágmarksgjaldpól (MCR) með hæfilegu öryggisálagi. Fylgst er með þróun gjaldpóls- og lágmarks gjaldpólshlutfalls að minnsta kosti ársfjórðungslega og brugðist við stöðunni eins og þurfa þykir. Félagið hefur eiginfjár-, gjaldpóls- og arðgreiðslustefnu sem er endurskoðuð árlega og samþykkt af stjórn, en þar kemur meðal annars fram áhættuvilji stjórnar. Sem hluti af eiginfjárstýringu er framkvæmt eigið áhættu- og gjaldpólsmat (ORSA) árlega með það að markmiði að áætla og greina gjaldpól félagsins, byggt á stefnu og áætlun, til næstu þriggja ára. Matið kemur að gagni við stefnumótandi ákvarðanir til framtíðar og gefur möguleika á að bregðast tímanlega við ef þurfa þykir.

Í eftirfarandi töflu má sjá eigið fé/gjaldpól samstæðunnar flokkað eftir eiginfjárbáttum og þróun þess á árinu:

Dags.	Lýsing - þús.kr.	Eiginfjárbáttur 1 þús.kr.	Eiginfjárbáttur 3 þús.kr.	Samtals
1. janúar 2019	Hlutfé	1.367.812	0	1.367.812
	Yfirverðsreikningur hlutfjár	3.122.232	0	3.122.232
	Skatteign	0	131.637	131.637
	Eiginfjársjóður	1.099.908	0	1.099.908
Breyting á árinu	Innborgað hlutfé	0	0	0
	Yfirverðsreikningur hlutfjár	0	0	0
	Breyting á skatteign	0	-131.637	-131.637
	Breyting á eiginfjársjóði	663.491		663.491
31. desember 2019	Lokastaða eigin fjár	6.253.443	0	6.253.443
31. desember 2019	Eigið fé (own funds):			
	Hlutfé	1.367.812	0	1.367.812
	Yfirverðsreikningur hlutfjár	3.122.232	0	3.122.232
	Skatteign	0	0	0
	Eiginfjársjóður	2.119.473	0	2.119.473
	Samtals gjaldpól í árslok	6.609.517	0	6.609.517

Í lok árs 2019 fellur allt eigið fé Varðar undir eiginfjárbátt 1, er óbundið og nýtist því að fullu.

Gjaldpól samstæðunnar í árslok 2019 var 6.610 m.kr., að teknu tilliti til 500 m.kr. arðgreiðslu, og flokkast sem óbundið í eiginfjárbætti 1. Heildar eigið fé er tiltækt til að mæta gjaldpólskröfu félagsins (SCR) og sama á við um lágmarksgjaldpólskröfu (MCR). Eigið fé samkvæmt ársreikningi:

Eigið fé - þús.kr.	31.12.2019	31.12.2018
Hlutfé	1.367.812	1.367.812
Yfirverðsreikningur hlutfjár	3.122.232	3.122.232
Varasjóðir	2.107.141	1.494.117
Óráðstafað eigið fé	1.521.458	763.405
Eigið fé samtals	8.118.6443	6.752.566

Helsta breytingin milli ára er að óráðstafað eigið fé hækkar verulega sem skýrist af góðri afkomu bæði skaða- og líftryggingafélagsins, auk aukins framlags í varasjóð.

Gjaldþol samkvæmt Solvency II byggir á leiðréttu eigin fé, það er bókfært eigið fé að frádregnum óefnislegum eignum (viðskiptavild) og hugbúnaði, væntanlegum arðgreiðslum og að teknu tilliti til leiðréttinga vegna Solvency II reglna um mat á eigin váttryggingaskuld og reiknaðra skatta samanber eftirfarandi töflu:

Gjaldþol - þús.kr.	31.12.2019	31.12.2018
Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi	8.118.644	6.752.567
Eigin váttryggingaskuld sbr. matsreglur Solvency II	-819.531	-361.269
Skatteign/tekjuskattur	252.282	145.245
Viðskiptavild	-205.956	-205.956
Rekstrarfjármunir - hugbúnaður	-235.922	-158.998
Arðgreiðsla	-500.000	-450.000
Reiknað gjaldþol skv. Solvency II	6.609.517	5.721.589

Helsta breytingin milli ára er að eigin váttryggingaskuld, samkvæmt Solvency II mati, hækkar og er nú 820 m.kr. hærri en fram kemur í ársreikningi, en var 361 m.kr. hærri árið áður. Skatteign samkvæmt Solvency II mati hækka, en rekstrarfjármunir lækka á árinu 2019. Loks hækkar arðgreiðsla um 50 m.kr. milli ára.

E.2 Gjaldþolskrafa SCR og lágmarksgjaldþol MCR

Gjaldþolskrafan er reiknuð samkvæmt staðalreglu í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016, en henni er ætlað að mæta reiknaðri áhættu sem félagið stendur frammi fyrir á hverjum tíma.

Gjaldþolskrafa SCR og lágmarksgjaldþol MCR í árslok 2019 og 2018 var:

Vörður samstæða þús.kr.	2019	2018	mismunur	%
SCR	4.579.606	3.860.430	719.176	19%
MCR	2.502.189	2.232.629	269.560	12%

Vörður tryggingar þús.kr.	2019	2018	mismunur	%
SCR	4.442.224	3.826.073	616.151	16%
MCR	1.989.776	1.721.733	268.043	16%

Vörður liftr. þús.kr.	2019	2018	mismunur	%
SCR	884.587	819.304	65.283	8%
MCR	512.413	510.896	1.517	0%

Gjaldpolskrafa samstæðunnar hækkar um 19% milli ára. Þar vegur þyngst þó nokkur hækkun fjáreigna og hækkun hlutabréfaálags EIOPA, sem skilar sér í hærri markaðsáhættu. Þá stækkar stofn félagsins, bæði iðgjöld og váttryggingaskuld, sem leiðir til hækkunar váttryggingaráhættu. Lágmarksgjaldþol hækkaði um 12%, en það er samanlagt lágmarksgjaldþol undirliggjandi félaga, Varðar trygginga og Varðar líftrygginga.


Gjaldpolskrafa Varðar hækkaði um 16% milli ára. Fjáreignir hækkuðu um 29% og hlutabréfaálag EIOPA hækkar um 6,2%. Saman leiðir þetta til mikillar hækkunar á útreikningi markaðskröfu. Iðgjöld hækkuðu um 10% og váttryggingaskuldin um 15%. Þessar hækkunir skila sér í hærri kröfu til að mæta váttryggingaráhættu. Lágmarksgjaldþol hækkaði sömuleiðis um 16%, sem er í takt við hækkun gjaldpolskröfunnar.

Gjaldpolskrafa Varðar líftrygginga hækkaði um 8%. Fjárfesting í áhættumeiri verðbréfum samfara hækkun áhættuálags EIOPA skila sér í hærri markaðsáhættu. Iðgjöld og váttryggingaskuld hækkuðu um 3%, sem hækkar reiknaða váttryggingaráhættu milli ára. Lágmarksgjaldþol (Absolute floor skv. EIOPA) er nánast óbreytt.

Niðurbrot gjaldpolskröfu samstæðunnar í árslok 2019 og 2018:

Gjaldpolskrafa (SCR) samstæðu - þús.kr.	2019	%	2018	%
Markaðsáhætta	1.988.545	43%	1.507.950	39%
Heilsutryggingaáhætta	886.438	19%	773.630	20%
Mótaðilaáhætta	622.540	14%	692.170	18%
Líftryggingaáhætta	379.117	8%	363.148	9%
Skaðatryggingaáhætta	3.429.702	75%	3.061.069	79%
Fjölpættingaráhrif	-2.304.477	-50%	-2.016.967	-52%
Grunngjaldpolskrafa samtals	5.001.865	109%	4.381.000	113%
Rekstraráhætta	394.741	9%	345.430	9%
Aðlögun vegna frestaðra skatta	-817.000	-18%	-866.000	-22%
Samtals gjaldpolskrafa	4.579.606	100%	3.860.430	100%

Hér að neðan má sjá hvernig gjaldpolskrafa samstæðunnar hefur þróast frá árinu 2018 til 2019:



Hlutfall áhætta af heildar gjaldpólskröfunni er nokkuð svipað milli ára. Helstu breytingarnar eru á markaðsáættunni, mótaðilaáættunni og skaðatryggingaáættunni. Markaðsáættan eykst um 4% stig sem að stafar fyrst og fremst af stærra eignasafni og hækkun áhættuálags EIOPA um 6,2% stig. Mótaðilaáættan lækkar um 4% aðallega vegna minni vanskila. Skaðatryggingaáættan lækkar síðan um 4% stig þar sem hlutfall hennar gefur eftir á kostnað hinna áhættanna sem hækka. Þá má geta þess að aðlögun frestaðra skatta lækkar um 4% stig þar sem nýtingarhlutfall skatteignarinnar var lækkað milli ára.

E.3 Notkun á „duration-based equity risk sub-module“ við útreikning gjaldpólskröfu

Ekki er notast við þessa aðferð við útreikning á gjaldpólskröfu (SCR) Varðar.

E.4 Mismunur á staðalformúlu (Standard formula) og eigin líkana (internal model)

Ekki er notast við annað líkan en staðalformúlu við útreikning á gjaldpólskröfu Varðar.

E.5 Vanefndir á lágmarksgjaldpóli (MCR) og gjaldpólskröfu (SCR)

Ekki voru neinar vanefndir á lágmarksgjaldpóli eða gjaldpólskröfu Varðar.

E.6 Aðrar upplýsingar

Ekki er um að ræða aðrar upplýsingar.

Niðurlag

Hér að framan hefur verið fjallað um gjaldþol og fjárhagslega stöðu Varðar vegna rekstrarársins 2019. Fjallað hefur verið um starfsemi og afkomu félagsins, stjórnkerfi þess, áhættusnið og helstu áhættur, verðmat samkvæmt Solvency II og eiginfjárstýringu. Sagt hefur verið frá öllum helstu breytingum sem gerðar voru á árinu, meðal annars á stjórnskipulagi þess. Til frekari skýringa er vísað í viðauka við skýrsluna sem ætlað er að gefa enn gleggri mynd af fjárhagsstöðu félagsins. Þær upplýsingar eru sóttar í Solvency II skýrslu sem skilað er til Fjármálaeftirlitsins samhliða birtingu þessarar skýrslu.

Að mati stjórnenda og stjórnar félagsins er Vörður sterkt og öflugt félag. Þær jákvæðu breytingar sem átt hafa sér stað ásamt öflugum eiganda eru til þess fallnar að styrkja stöðu þess enn frekar á markaði og er framtíð þess því björt.

